

SHALDOR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Framandi list

Dagmar Agnarsdóttir lærði myndlist í Asíu og Afríku og verk hennar hafa framandlegan blæ.



FÓLK

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. október 2012
236. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt Centre for Communications Programmes Gallup í maí - maí 2012



Uppselt eftir þrjá daga
Þrjú ungir menn standa að stofnun leikhópsins Ungleiks.
leiklist 30


Pólitíkin eftir hrun
Hafa stjórn málin eitthvað breyst eftir bankahrunið?
Í dag birtist önnur grein af átta um hrúnið og afleiðingar þess.

Þjóðmál 12



Hrikalega svekktur
Aron Jóhannsson hefur neyðst til þess að draga sig úr landsliðshópnum.
sport 25

veðrið í dag



Í DAG verður strekkingur NA-til fyrrihluta dags en hægviðri V-til. Vaxandi S-átt V-til, 8-15 m/s og rigning þar í kvöld. Bjart A-lands síðdegis og hægari vindur þar. Hiti 0 til 7 stig.

VEDUR 4

Bólusetning kom í veg fyrir 20.000 svínaflensusýkingar

Sóttvarnalæknir áætla að bólusetning gegn svínainflúensu hafi komið í veg fyrir að 20.000 manns sýktust. Rúmlega 150.000 manns voru bólusettir. Mjög reyndi á heilbrigðiskerfið. Átakið er einstakt á Íslandi.

HEILBRIGÐISMÁL Sóttvarnalæknir áætla að á Íslandi hafi bólusetning gegn svínainflúensu veturinn 2009/2010 komið í veg fyrir 20 þúsund sýkingar hið minnsta, 70 sjúkráhúsinnlagnir, sjö innlagnir á gjörgæsludeild og eitt dauðsfall.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að margir hafi þegar gleymt því ástandi sem hér kom upp vegna svínainflúensunnar, og megi kannski skýra það með því að þjóðin var uppteknari af hrúninu en nokkru öðru á þeim tíma. „Hins vegar var íslenskt heilbrigðiskerfi þanið til hins ýrasta um tíma; gjörgæsludeildir voru fullar af fólki og margir fleiri mjög veikir. Við hefð-

um ekki mátt við neinu, slysum eða öðru. Tveir einstaklingar létust vegna inflúensunnar hið minnsta, svo sannað sé. Það er engin spurning að átakið kom í veg fyrir að faraldurinn héldi áfram á fullum krafti.“

Á Íslandi voru 150 þúsund manns bólusettir með bóluefninu Pandemrix, en stjórnvöld samþykktu að kaupa 300 þúsund skammta af lyfinu í september 2009. Kostnaðurinn við þá aðgerð var 380 milljónir króna á þeim tíma, en þá var talið að hver sem kysaði láta bólusetja sig þyrfti tvo skammta af lyfinu. Einn skammtur reyndist hins vegar nóg, að sögn Haraldar og því

Við hefðum ekki mátt við neinu, slysum eða öðru. Tveir einstaklingar létust vegna inflúensunnar hið minnsta, svo sannað sé.

HARALDUR BRIEM
SÓTTVARNALÆKNIR

gekk töluvert magn bóluefnisins af. Viðmælendur Fréttablaðsins segja að erfitt sé að meta árangur bólusetningarinnar í krónum og aukum en ljóst sé að stórar upphæðir hafi sparast.

Haraldur segir niðurstöðurnar

ar samrýmast mati sænsku sóttvarnastofnunarinnar, en í nýlegu uppgjöri hennar vegna svínaflensunnar þar í landi kemur fram að bólusetningin hafi komið í veg fyrir 60 dauðsfall, 1.400 sjúkráhúsinnlagnir og um 200 innlagnir á gjörgæsludeild. Eins og hér á landi var um helmingur sænsku þjóðarinnar bólusettur með Pandemrix á ofangreindu tímabili.

Haraldur segir að átakið sé það stærsta í íslenskri sögu og leita þurfi aftur til árána 1954 og 1955 til að finna eitthvað viðlíka, en þá var reynt að bólusetja sem allra flesta vegna lömunarveikifaraldurs sem þá gekk yfir landið. -shá



FÖGUR FORM „Ég hef alltaf verið heillaður af fallegum bílum,“ segir Sigurður Valur Sigurðsson teiknari sem festi form þessa glæsilega Plymouth Roadrunner á pappír á bílasýningu Kvartmiluklúbsins, sem haldin var á Korputorgi um helgina. „Ég held að fáir hlutir hafi fallegri form en „bodd“ glæsilegra bíla.“

Yfir sjötíu þjóðir hafa aðgang að mannláusum herflugvélum:

Nýtt hervæðingarkapphlaup

TÆKNI Yfir sjötíu þjóðir hafa nú komið sér upp mannláusum herflugvélum. Enn er þó aðeins lítill hluti þeirra búinn vopnum. Þessi þróun mun án efa breyta stríðsrekstri til muna og hætta er á að með henni hefjist nýtt hervæðingarkapphlaup.

Peter Bergen, sérfræðingur CNN í þjóðaröryggismálum, gerir þessa fjölgun að umtalsefni í grein á fréttavef CNN og heldur því

fram að stríðsrekstur verði aldrei samur.

Nýlega hafi bæði Kínverjar og Íranir sent frá sér yfirlýsingar um að þeir hyggist nota mannláusar herflugvélar til eftirlits og árása. Svíþjóð, Grikkland, Sviss, Spánn, Ítalía og Frakkland vinna saman að þróun slíkra véla og hafi sýnt frumgerð einnar slíkrar sem a.m.k. Frakkar hyggist nýta sér í hernaði.

Bergen bendir á að engar reglu-

gerðir séu til um notkun mannláusra herflugvéla og því séu Bandaríkin að setja hættulegt forðæmi með því að nota þær í hernaði sínum í Pakistan og Yemen.

Hann varar einnig við því að eftir því sem slíkum vélum fjölgi verði auðveldara fyrir einkaaðila að komast yfir þær og bendir meðal annars á hættuna á að fíkniefnahringir fari að nýta þær í átökum sína á milli.

- fsb

Stekkur úr 36 kílómetra hæð: Á hljóðhraða í sérstakri fallhlíf

BANDARÍKIN Ofurhuginn Felix Baumgartner fer á morgun í loftbelg sínum 36 kílómetra í loft upp í þeim tilgangi að henda sér út og bæta öll heimsmet sem þekkt eru í fallhlífarkökki.

Felix stefnir að því að verða fyrsti stökkvarinn til að rjúfa hljóðmúrinn hjálparlaust. Til þess þarf hann að ná vel yfir þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Felix mun verða í frjálsu falli í fimm og hálfu mínútu; fallhlíf hans er ætlað að opnast í um 1.500 metra hæð. Hætturarnar sem fylgja stökkinu eru margar. Búningur hans gæti rifnað í stökkinu og Felix gæti brotið hvert bein í lendingunni ef allt gengur ekki að óskum.

- gb, shá / sjá síðu 4



FELIX BAUMGARTNER

DVÍTAMÍN
Hámarks upptaka



GMP vottað · www.nowfoods.is



FOSSBERG
IDNADARVÖRUR OG VERKFERI



ÖRYGGISSKÓR
FRÁ 10.995 KR.

www.FOSSBERG.is





Verða bændur áberandi á lista lögreglu?

„Bændur munu bera sig vel, enda um rangan áburð að ræða.“

Tilkynna þarf magnkaup á áburði samkvæmt nýju vopnalagafrumvarpi. Meðalþú á Íslandi notar hins vegar ekki undir 20 tonnum á ári. Haraldur Benediktsson er formaður Bændasamtakanna.

Björt framtíð fær liðsaka:

Freyja býður sig fram til þings

KOSNINGAR Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar, hefur ákveðið að bjóða sig fram á lista Bjartrar framtíðar fyrir alþingiskosningarnar í vor.



FREYJA HARALDSDÓTTIR

Freyja stefnir á að bjóða starfskrafta sína í Kraganum, eða SV-kjördæmi, en ákvörðun um skipun á lista liggur ekki fyrir frá hendi stjórnar flokksins.

Freyja segir að áhugi sinn á stjórnárum hafi kviknað á þeim tíma sem hún starfaði á vettvangi stjórnlagaráðs, en fram til þess tíma hafi hún mest beitt sér í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks. Freyja segir það ekki hafa heillað að starfa fyrir fjórflokkinn. „Björt framtíð er nýr flokkur sem birtist mér sem vettvangur þar sem stjórnárum eiga að vera afslöppuð og um leið ábyrg, áhersla er á róttækni í mannréttindamálu og unnið sé að jafnvægi á öllum sviðum samfélagsins. Það heillar mig.“

Ísing þegar dimma tekur:

Færð á heiðum spilltist í gær

VEÐUR Krapasnjórn var á Holtavörðuhéiði í gær og hálkublettir og eljagangur á Öxnadalshéiði. Hálkublettir voru á Bröttubrekku, Fróðarhéiði, Vatnsskarði og Þverárfalli. Snjóþekja var einnig á flestum fjallvegum á Vestfjörðum.

Veðurstofan segir að þar sem vegir á láglandi eru blautir og sums staðar er krapí, myndast fljótlega ísing eftir að dimmir, einnig á láglandi.

- shá

Landsvirkjun og Landvernd deila um framkvæmdir fyrirtækisins við Bjarnarflag:

Landvernd vill stöðva framkvæmdir

UMHVERFISMÁL Stjórn Landverndar fer fram á að Landsvirkjun stöðvi strax framkvæmdir fyrirtækisins við Bjarnarflag þar sem fyrirhugað er að reisa 45 megavatta jarðvarmavirkjun. Nauðsynlegt sé að biða þess að Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða hafi verið samþykkt á Alþingi.

Einnig fer Landvernd fram á að nýtt umhverfismat vegna virkjunarinnar verði unnið enda sé það sem liggur fyrir að verða tíu ára gamalt.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir að framkvæmdirnar sem nú séu hafnar áfturkræfar og vekur furðu þar sem framkvæmda-, virkjana-, og rekstrarleyfi liggja ekki fyrir. „Það er verið að byrja

á öfugum enda. Annað er að umhverfismatið sem fyrirtækið byggir á er tíu ára gamalt en síðan er komin mikil reynsla á jarðvarmavirkjanir hér á landi. Sú reynsla er ekki öll góð.“

Landsvirkjun hefur mótmælt því að óeðlilega sé staðið að framkvæmdum við Bjarnarflag. Á heimasíðu fyrirtækisins segir að um undirbúningsframkvæmdir sé að ræða. Fyrirtækið hafi sótt um framkvæmdaleyfi fyrir landmótun á stöðvarhússlóð fyrirhugaðrar virkjunar til sveitarfélagsins nýlega og fengið.

Álfheiður Ingadóttir, formaður umhverfis- og samgöngunefndar, hefur boðað fulltrúa Landsvirkjunar, Landverndar og sveitarfélagsins til fundar.

- shá



FRAMKVÆMDIR VIÐ BJARNARFLAG Landvernd telur framkvæmdirnar unnar „í gloppu“ skipulagslaga, en því mótmælir fyrirtækið. MYND/LANDVERND

Vilja ekki sitja saklaus uppi með málskostnað

Stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogs, sem sýknaður var af aðild að ólöglegri lánveitingu úr sjóðnum, segist hafa verið sviptur ærunni. Tveir aðrir stjórnarmenn vilja að lífeyrissjóðurinn greiði það sem á vantar í málskostnað.

DÓMSMÁL Tveir starfsmenn Kópavogsbæjar sem sátu í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs í hrúnu og sýknaðir voru af ákæru um ólöglega lánveitingu úr sjóðnum til bæjarins sitja uppi með hundruð þúsunda króna málskostnað umfram dæmdar málsvarnarbætur. Þeir vilja að lífeyrissjóðurinn greiði mismuninn.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hefur yfirtekið Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogs og fékk mál starfsmannanna tveggja inn á borð til sín. Sjóðurinn óskar nú umsagnar frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi. Bæjarráð fjallaði um málið á fimmtudag en frestaði afgreiðslu þess. Starfsmennirnir tveir höfðu sameiginlegan lögmann. Honum voru dæmdar 1.732 þúsund krónur úr ríkissjóði í málsvarnarlaun en sú upphæð dugar ekki til.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, var einn sex einstaklinga sem ákærðir voru í málinu. Ómar var stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogs á þeim tíma sem málið rekur upphaf sitt til. Hann var sýknaður og það sama gildir um Flosa Eiríksson, þáverandi bæjarfulltrúa Samfylkingar og stjórnarmann í sjóðnum.

Hvorugur þeirra Ómars og Flosa hefur óskað eftir sambærilegri fyrirgreiðslu og starfsmennirnir tveir. Ómar segir málinu hins vegar fjarri því lokið af sinni hálfu.

„Fjármálaeftirlitið og fjármála-ráðherrann þáverandi sviptu mig ærunni með því að kæra mig og dæma mig fyrir fram með því



KÓPAVOGUR Tveir bæjarstarfsmenn sem sátu í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs sitja uppi með lögræðikostnað þrátt fyrir sýknu í dómsmáli gegn þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓMAR STEFÁNSSON

að taka mig úr stjórn sjóðsins. Síðan kom í ljós að ég var saklaus – eins og var vitað frá fyrstu mínútu,” segir Ómar sem kveðst vera að athuga sína réttarstöðu, meðal annars með tilliti til skaðabóta.

„Það er algjörlega óásættanlegt að vera sviptur ærunni skömmu fyrir prófkjör. Það var hamrað á málinu bæði þar og í kosningunum. Þessir aðilar eiga hreinlega að skammast sín að hafa kært

enda var þetta fólk niðurlægt í réttarsalnum,” segir Ómar.

Í málinu var Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks og þáverandi bæjarstjóri, sakfelldur í maí síðastliðnum ásamt þáverandi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins fyrir 330 milljóna króna lánveitingu úr sjóðnum til Kópavogsbæjar án lagaheimildar í janúar 2009. Þeir voru hvor fyrir sig dæmdir til að greiða 150 þúsund króna sekt. „Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að ekkert tjón hlaut af broti ákærðu og allar lánveitingar voru greiddar til baka, með góðri ávöxtun,” tók dómurinn fram. gar@frettabladid.is

Nakinn maður handtekinn:

Rassskelti þrjá gluggamíga með sveðju

LÖGREGLUMÁL Íbúi í miðborginni brást illa við þegar þrír menn migu utan í svefnherbergisglugga hans í fyrrinótt. Hann hljóp nakinn út úr íbúð sinni vopnaður því sem lögregla kallar „frumskógarsveðju“ og rassskelti mennina.

Eftir að hafa tuktað þremmingana til fór hann aftur inn til sín en var fljótlega handtekinn, látinn klæða sig og færður á lögreglustöð þar sem honum var gert að útskýra viðbrögð sín.

Lögregla áréttar að það varði sektum að kasta af sér vatni á almannafæri.

- sh



Frakklandsforseti lofar:

Vakta bænahús gyðinga í París

PARÍS, AP Frakkar efla nú öryggisgæslu við bænastaði gyðinga eftir að púðurskotum var skotið að samkunduhúsi í Argenteuil í úthverfi Parísar á laugardagskvöld.

Francois Hollande, Frakklandsforseti, hitti leiðtoga franskra gyðinga í gær og lofaði að berjast á móti öfugum og gyðingahatri „af mikilli hörku“. Hann lofaði aukinni öryggisgæslu við helga staði gyðinga „á næstu dögum eða klukkutímum“ í tilraun til að koma í veg fyrir frekari árásir.

Einn meðlima múslímasellu sem grunuð er um sprengingu í gyðinglegri matvöruverslun í síðasta mánuði féll í skotbardaga við lögreglu á laugardag og skömmu síðar átti árásin á samkunduhúsi í Argenteuil sér stað. - fsb

Aðhlyning sjúklinga í molum í Bretlandi á 21. öldinni:

Sjúklingar deyja úr hungri og þorsta á breskum sjúkrahúsum

BRETLAND Fjörutíu og þrjú sjúklingar á breskum sjúkrahúsum dóu úr hungri í fyrra og hundruð og ellefu dóu úr þorsta. Að auki kemur fram í lækna-skýrslum að 588 sjúklingar hafi þjást af alvarlegum vöskvaskorti og 287 hafi verið alvarlega van-nærðir þegar þeir dóu. Breska blaðið The Telegraph greindi frá þessu á laugardag og hefur eftir Katherine Murphy, framkvæmdastjóra samtaka sjúklinga í Bretlandi, að þessar tölur séu nóturlegur og skammarlegur vitnisburður um ástandið í Bretlandi á 21. öldinni.

Í skýrslum bresku hagstofunnar kemur einnig fram að 78 sjúklingar á sjúkrahúsum og 39 sjúklingar í heimahjúkrun hafi dáðið af völdum legusára og auk þess hafi 650 sjúklingar haft slæm legusár þegar þeir dóu, án þess að dánarorsökinn verði rakin til þeirra.

David Cameron, forsætisráðherra Breta, hefur látið málið til sín taka og sendi fyrir á þessu ári frá sér tilskipun þar sem hjúkrunarfólki var gert að fylgjast með sjúklingum á klukkustundarfresti til að koma í veg fyrir að þeir væru svangir, þyrstir eða með verki.



HUNGURMORÐA Fjöldi sjúklinga á breskum sjúkrahúsum deyr úr hungri og þorsta á hverju ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Heilbrigðiseftirlitið breska hefur einnig hafið rannsókn á málinu og komist að því að á helmingi þeirra 100 sjúkrahúsa sem rannsóknin náði til hafi ummönnum aldraðra verið stórlega ábótavant. - fsb

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér allir vera að hvísla?

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

Stefna okkar er skýr:

Við erum banki atvinnulífsins.

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	121,82	122,40
Sterlingspund	197,12	198,08
Evra	158,42	159,30
Dönsk króna	21,246	21,37
Norsk króna	21,419	21,545
Svænsk króna	18,436	18,544
Japanskt jen	1,5517	1,5607

SDR 187,99 189,11

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,0572

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



TVÍSÝNT Hugo Chavez, forseti Venesúela, er engan veginn talinn öruggur um sigur í kosningunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Forsetakosningar í Venesúela:

Talið að mjótt verði á munum

VENESÚELA Kjósundur í Venesúela gengu til forsetakosninga í gær og er talið að úrslitin verði þau tvísýnustu í áratug.

Leiðtogi vinstriaflanna, Hugo Chavez sitjandi forseti sem fyrst var kjönn 1998, á í höggi við leiðtoga stjórnarandstöðunnar, Henrique Capriles.

Chavez vill halda áfram því sem hann kallar sósíalska byltingu en Capriles hefur lofað að efla og endurreisa hagvöxt í landinu. Nærri níttján milljónir eru á kjörskrá. - fsb

PRÓFKJÖR

Silja Dögg vill 2. sætið

Silja Dögg Gunnarsdóttir, skjalastjóri og aðstoðarmaður framkvæmdastjórnar HS Orku og varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjanesbæ, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2. sæti Framsóknarflokksins í Suðurlkjördæmi

Margrét Júlía vill 3.-4. sæti

Margrét Júlía Rafnsdóttir gefur kost á sér í 3.-4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturlkjördæmi. Hún hefur kennt í grunnskóla um árabil og jafnframt við Kennaraháskóla Íslands. Margrét Júlía hefur verið í stjórn Samfylkingarinnar í Kópavogi um nokkurra ára skeið og varabæjarfulltrúi í bænum frá árinu 2010.

Af 293 börnum sem dvöldust á heimilum Barnaverndarstofu og Stuðlum segja 14 prósent frá ofbeldi:

Frásögnum um ofbeldi verður fylgt eftir

FÉLAGSMÁL Könnun sem gerð var um afdrif, velferð og líðan barna sem dvöldu á nýu meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og Stuðlum á árunum 2000 – 2007 sýnir að hátt hlutfall barnanna segist hafa orðið fyrir ofbeldi á meðal dvöl þeirra stóð. Barnaverndarstofa tekur niðurstöðurnar alvarlega og hyggst fylgja þeim eftir með framhaldsrannsókni.

Alls sögðust 14% barnanna hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi starfsmanns og um 20% af hendi annarra barna í meðferðinni.

Upplýsingar um svo hátt hlutfall hafa ekki komið fram áður, en þegar spurt var um það sem gerðist kom fram að 70% barnanna töldu ofbeldið verið vegna tilraunar starfsmanns til að stöðva óæskilega hegðun eða ofbeldi sam-

kvæmt verklagsreglum. Tölur um ofbeldi eru hverri á þeim heimilum þar sem börn voru vistuð vegna ofbeldishegðunar og í lengri tíma. Á sumum heimilum komu hins vegar litlar eða engar upplýsingar fram um ofbeldi, einkum þar sem börnunum var frjálst að fara eða hægt var að vísa þeim úr meðferð.

Barnaverndarstofa mun senda öllum þeim 545 einstaklingum sem dvöldu á meðferðarheimilunum á þessum tíma bréf þar sem þeim er boðið að koma í könnunarviðtal hjá sérfræðingi til að skoða um hvers konar ofbeldi var að ræða og hvar það fór fram. - shá

STUÐLAR Upplýsingar um ofbeldi komu starfsmönnum Barnaverndarstofu nokkuð á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Lætur sig falla úr 36 kílómetra hæð

Austurrískur ofurhugi býður hættunni birginn á morgun þegar hann lætur sig falla til jarðar úr 36 kílómetra hæð. Verður ríflega fimm mínútur í frjálsu falli.

AUSTURRÍKI Fallhlífarkvæmari Felix Baumgartner hefur árum saman unnið að undirbúningi þess að slá öll met í þeirri grein. Á morgun verður svo komið að stóra stökkinu. Hann ætlar að fara með loftbelg upp í að minnsta kosti 36 kílómetra hæð og láta sig falla niður til jarðar.

Hann reiknar með að fallið taki rúmlega fimm og hálfu mínútu áður en fallhlíf opnast þegar hann verður kominn niður í eins og hálfu kílómetra hæð.

Hætturnar eru margar. Fyrir utan að hann gæti hálsbrotnað eða fótbrotnað við landingu, þá er það lofthæðin sem gæti farið verst með líkamann. Vegna þess hve loftþrýstingur er lágur gæti blóðið farið að „sjóða“, eins og það er kallað þegar lífshættulegar loftbólur taka að myndast í blóðinu. Æðarnar í heilanum gætu sprungið, og það gæti farið að blæða úr augunum.

Læknar, verkfræðingar og aðrir aðstoðarmenn hans hafa hins vegar farið yfir öll atriði og telja nánast öruggt að hann eigi að komast heilu og höldnu til jarðar. Ýmislegt gæti þó farið úrskeiðis. Búningurinn gæti til dæmis rifnað og svo gæti hylkið slitnað frá loftbelgnum áður en nægilegri hæð er náð.

„Það eru mörg óvissuatriði,“ viðurkennir Baumgartner, „en við erum með lausnir sem hjálpa mér að lifa þetta af“. Baumgartner er 43 ára Austurríkismaður sem undanfarinn aldarfjórðung hefur stökkið í fallhlífum ofan af háhýsum og klettum víðs vegar um heim. „Eftir þetta er ég hættur,“ segir hann ákveðinn. gudsteinn@frettabladid.is

Reynir að setja met

Austurríski ofurhuginn Felix Baumgartner gerir sér vonir um að setja fjögur heimsmet.



Ófremdarastand á sjúkrahúsi: Ekki hægt að bjóða upp á óbreytt ástand

HEILBRIGÐISMÁL „Að óbreyttu sjáum við fram á enn meira ófremdarastand í þessum málum. Upp á það ástand er ekki lengur hægt að bjóða, hvorki sjúklingum okkar né starfsfólki,“ segir Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga- og handlækningasviðs Sjúkrahússins á Akureyri, í pistli sem birtur er á heimasíðu sjúkrahússins.

Sigurður segir brýna þörf vera á endurnýjun margra veigamikilla tækja sem notuð eru í daglegri þjónustu við sjúklinga, svo sem myndgreiningartæki, skurðtæki, vökvadælar og tölvubúnað. „Fjármagn til tækjakaupa á sjúkrahúsinu hefur verið skert verulega undanfarin ár og samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 er gert ráð fyrir að það verði óbreytt á krónutölu milli ára,“ segir Sigurður og biðlar til fjárveitingavaldsins að auka framlöggin. - fsb

Fyrsti heildarsamningurinn: Sjómenn klára kjarasamning

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband smábátaeigenda (LS) og Sjómannasamband Íslands undirrituðu kjarasamning á föstudaginn. Niðurstöður voru ótvívæðar en 74% þeirra félagsmanna LS sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn og hjá sjómönnum voru það 64% sem samþykktu. Á kjörskrá LS voru eigendur 1.071 báts og atkvæði greiddu 267. Þetta er í fyrsta skipti sem samþykktur er kjarasamningur fyrir smábátalotann á landsvísi. - shá

Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:

Ljósmyndun & grafík

Afburða námskeið um vinnslu ljósmynda, Flash og grafíkinnslu.

- Photoshop myndvinnsla**
Hefst: 15. október/13:00-16:00/22 stundir/verð: 34.900,-
- Flash margmiðlun**
Hefst: 22. október/13:00-16:00/18 stundir/verð: 34.900,-
- Photoshop Elements ljósmyndavinnsla**
Hefst: 9. október/18:30-21:30/13 stundir/verð: 27.500,-
- Ljósmyndavinnsla með Picasa**
Hefst: 10. október/18:30-21:30/9 stundir/verð: 13.900,-

Meira en 1.200 einstaklingar hafa lært myndvinnslu hjá okkur.

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðuðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt nám hjá okkur frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNAR Vætu- og vindasamt næstu dagana. Hvessir og fer að rigna á V-verðu landinu í kvöld og skúrir þar áfram á morgun. Úrkoma um allt land á miðvikudag. Hlýnar í veðri til morguns, hiti 4-10 stig á morgun og á miðvikudag.

Á MORGUN 5-12 m/s, hvassast V- og NV-til

MÍÐVIKUDAGUR 5-15 m/s

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	21°
Berlín	13°
Billund	13°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	28°
London	12°
Mallorca	26°
New York	14°
Orlando	21°
Ósló	10°
París	18°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



30-50% AFSLÁTTUR
af öllum rúmum

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN



FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Royal
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
302.391
Tvíbreitt - verð frá:
566.991



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 26.241 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 49.243 kr. á mán.

Allt að
431.994 kr.
AFSLÁTTUR



Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
190.049
Tvíbreitt - verð frá:
346.995



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 16.732 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 30.268 kr. á mán.

Allt að
178.956 kr.
AFSLÁTTUR



Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
131.985
Tvíbreitt - verð frá:
228.488



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 11.724 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 20.047 kr. á mán.

Allt að
111.423 kr.
AFSLÁTTUR



Draumeý
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
70.224
Tvíbreitt - verð frá:
129.360



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 6.397 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 11.497 kr. á mán.

Allt að
61.129 kr.
AFSLÁTTUR

Aukahlutir á 50% afslætti
– með seldum rúmum og dýnum

SÆNGURVER, LÖK,
OG HEILSUKODDAR Á
TILBOÐI Í OKTÓBER

Arineldstæði á hausttilboði!
20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins?
2. Hvað eru viðureignir Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum kallaðar?
3. Hvað heitir kaffihúsið á Hrafnistu?

SVÖR

1. Mitt Romney 2. El Clásico 3. Skjaldfell



Á BRAUT UM JÖRÐU Geimfarar í alþjóðlegu geimstöðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Geimstöð færð til:

Árekstrarhætta úti í geimnum

RÚSSLAND, AP Alþjóðlega geimstöðin var í gær flutt yfir á aðra braut umhverfis jörðu vegna hattu á árekstri við geimrusli.

Sex geimfarar eru nú um borð í geimstöðinni. Talið er að meira en 21 þúsund brot úr ýmiss konar geimrusli, hvert þeirra stærra en 10 sentimetrar í þvermál, séu á braut umhverfis jörðu úti í geimnum. Öryggisreglur geimstöðvarinnar segja til um að þegar hætta á árekstri verður meiri en einn á móti tíu þúsund þurfi að breyta um braut hennar. - gb

Svindlað á veitingastöðum:

Gestir fá ódýra skinku og ost

SVÍÐJÓÐ Á þriðja hverjum veitingastað í Stokkhólmi fá gestir annan mat en þann sem sagður er vera í boði á matseðlinum. Það er einkum þrennt sem skipt er út. Gestirnir fá annan ost í stað parmesanosts, salatost í stað fetastosts og ódýrari skinku í stað parmaskinku. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar á vegum Stokkhólmsborgar.

Varaformaður í samtökum sænskra kokka, Ulrika Brydning, segir næstum ómögulegt fyrir viðskiptavinum veitingastaðanna að komast að því hvort um ekta vöru sé að ræða þar sem oft sé búið að meðhöndla hráefnið. - ibs

Þingmaðurinn Magnús Orri Schram gefur stefnu sína út í bókarformi:

Flúði til skrifta undan málþófi

ÚTGÁFA „Undanfarið ár hef ég nýtt lausan tíma, samhliða öðrum störfum, til að skrifa – til dæmis undir málþófi,“ segir Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, sem í dag gefur út bókina Við stöndum á tímamótum. „Maður má reyndar ekki vera með tölvu inni í þingsal en það var ágætt að fara stundum inn í hlíðarherbergin og skrifa.“

Í bókinni fjallar Magnús um eigin sýn á pólitík, atvinnu- og efnahagsmál, stöðu Samfylkingarinnar og fleira. Meðal þeirra sjónarmiða sem hann lýsir er að

markmiðið um milljón ferðamenn á ári á Íslandi sé misráðið og muni grafa undan tilvist ferðaþjónustunnar. Nær sé að stefna að því að færri ferðamenn eyði meiri peningum hér á landi.


En hvað rak þingmann til að gefa stefnu sína út á bók? „Ég taldi bara hyggilegt að setja þetta niður á blað svo fólk gæti áttað sig á því

fyrir hvað ég stend. Bók er frábær vettvangur til að taka saman hvað maður er að hugsa og hjálpar manni sjálfum að móta hugmyndirnar og færa rök fyrir þeim.“

Og heldur hann svona bók muni seljast? „Ég vona það, já. Ég reyndi að hafa þetta aðgengilegt og skýra út á mannamáli hvað ég væri að tala um.“

- sh

STEFNA Á BÓK Ritið kemur út í dag.



Sendir aftur á skólabeck:

Kennarar eru alveg ráðalausir

DANMÖRK Kaupmannahafnarborg er meðal þeirra sveitarfélaga í Danmörku sem bjóða nýútskrifuðum kennurum viðbótarmenntun ráði þeir ekki við nemendur og samskiptin við foreldra barnanna.

Í frétt á vef danska ríkisútarvarpsins segir að Kaupmannahafnarborg hafi frá árinu 2009 sent 97 nýútskrifaða kennara aftur á skólabeck. Þeir eru látnir sækja stutt námskeið til þess að læra það sem upp á vantar.

- ibs

Samherji og FISK Seafood eiga 75 prósentu hlut í Olís

Tvö stór sjávarútvegsfyrirtæki eiga tvo þriðju hluta í Olís eftir að Samkeppniseftirlitið samþykkti kaup þeirra. Ýmis skilyrði sett fyrir þeim. Aðilar frá Samherja og FISK mega ekki sitja samtímis í stjórn Olís.

VIÐSKIPTI Samherji og FISK Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga (KS), eiga 37,5 prósentu hlut hvor í Olís. Kaupum félaganna á hlutum eru sett ýmis skilyrði, meðal annars að stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en eins prósentu hlut í þeim mega ekki sitja samtímis í stjórn Olís svo að ekki verði til vettvangur fyrir samskipti keppinauta. Þetta kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um málið sem birt var á fimmtudag. Fyrrum aðaleigendur Olís, þeir Einar Benediktsson forstjóri þess og Gísli Baldur Garðarsson, eiga nú 25 prósentu hlut í olíufélaginu í gegnum félag sitt FAD 1830 ehf., sem ber sama nafn og fyrrum móðurfélag Olís.

Kaupin áttu sér í febrúar síðastliðnum þegar hlutafélag Olís var lækkað um 502,5 milljónir króna að nafnvirði, eða um 75 prósent. Það var síðan samstundis hækkað aftur um sama magn. Fyrir breytinguna átti FAD 1830, sem nú heitir GESE ehf., allt hlutafélag. Það félag er í eigu Einars Benediktssonar og Gísla Baldurs Garðarssonar. Eftir breytinguna á nýtt félag sem heitir FAD 1830 ehf. 25 prósentu hlut. Samherji og FISK Seafood greiddu fyrir hlutafjárkaupninguna og eru því orðnir eigendur að meirihluta í Olís.

Í ársreikningi KS-samstæðunnar, eiganda FISK Seafood, kemur fram að bundnar bankainnstæður hennar nemi einum milljarði króna og að þær séu „innstæður inni á vörslureikningi í Landsbankanum vegna skuldbindingar FISK Seafood hf. vegna fyrirhugaðra hlutafjárkaupa Olís hf.“ Því virðist sem félögin tvö hafi greitt einn milljarð króna hvort

Við meðferð málsins komu fram áhyggjur keppinauta Olís um að samruninn myndi styrkja stöðu Olís verulega.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

fyrir samanlagðan 75 prósentu eignarhlut í Olís. Kaupin voru þó bundin samþykkt Samkeppniseftirlitsins. Það fékkst í september en ákvörðunin var ekki birt fyrir en á fimmtudag.

Í henni segir að „við meðferð málsins komu fram áhyggjur keppinauta Olís um að samruninn myndi styrkja stöðu Olís verulega með því að félagið komist í eigu svo fjárfsterkra aðila sem raun ber vitni. Einnig var því haldið fram að önnur olíufélög myndu mögulega missa viðskipti við félög tengd Samherja og FISK, þar sem þau myndu flytja viðskipti sín yfir til Olís í kjölfar samrunans. Þá myndu Samherji og FISK hagnast á því að eiga stóran hlut í olíufélagi, sem væri einn stærsti birgir þeirra, enda kaupa útgerðarfélög mikið magn af olíu til notkunar í starfsemi sinni. Væri því möguleiki á því að önnur olíufélög myndu með samrunanum missa tækifæri á því að ná til sín viðskiptum þessara tveggja stóru kaupenda olíu.“

Vegna þessa telur Samkeppniseftirlitið að „Samherji og FISK [séu] öflug sjávarútvegsfélög sem starfa að verulegu leyti á sömu vöru- og landfræðilegum mörkuðum. Félögin sameinast í eignarhaldi sínu á Olís. Með því verður til vettvangur fyrir samskipti keppinauta ef ekkert er



Gamla móðurfélagið orðið hluti af Olís

Í ársreikningi Olís fyrir árið 2011 kom fram að félagið hafi gengið frá samkomulagi við Landsbankann varðandi endurfjármögnun og leiðréttingu á lánum þess í desember í fyrra. Samhliða var gert ráð fyrir aðkomu nýrra hluthafa og myndi hið nýja hlutafélag notast til að greiða skammtímaskuldir Olís við bankann. Sú upphæð var um tveir milljarðar króna. Samkomulag Olís við Landsbankann gerði einnig ráð fyrir því að Olís myndi sameinast móðurfélagi sínu, GESE ehf., og systurfélaginu Sandfelli ehf. Í ársreikningi Olís segir að „við samruna félaganna mun krafa Olíuverzlunar Íslands hf. á hendur móðurfélagi sínu að fjárhæð 1.781 millj. kr. falla út á móti skuld móðurfélagsins“.

GESE ehf. skilaði síðast ársreikningi árið 2007. Þá var eina eign þess hlutabréf í Olís sem voru metin á 6,8 milljarða króna. Skuldir þess voru líka 6,8 milljarðar króna. Gengið var frá sameiningu GESE við Olís 28. september síðastliðinn. Í kjölfarið hefur félagið verið brottfellt úr fyrirtækjaskrá.

að gert“. Því eru samrunanum sett skilyrði, sem forsvarsmenn Samherja og FISK Seafood samþykktu og miða við að tryggja sjálfstæði stjórnar Olís. Á meðal þess sem þeir hafa undirgengið er að stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur meira en eins prósentu hlutar í Samherja-samstæðunni eða FISK

og tengdum fyrirtækjum mega ekki sitja samtímis í stjórn Olís. Þá skulu sjávarútvegsrisarnir tveir tryggja að eignaraðild þeirra hafi ekki áhrif á viðskiptastefnu og samkeppnislegt sjálfstæði Olís „eða skaða samkeppni á viðkomandi mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gæti“.

thorur@frettabladid.is

HÁMARKAÐU
UPPLIFUNINA
MEÐ PHILIPS
AMBILIGHT
SJÓNVARPI



PHILIPS



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

FYRIR BAÐIÐ

ÚTSALA!

HAND- KLÆÐA- OFNAR

20-40%
afsláttur

Margar gerðir og stærðir

STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

ÖDÝRT
OG GOTT



verð frá
28.900

HERT ÖRYGGISGLER

RÚNNAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90



verð frá
27.900

HERT ÖRYGGISGLER

KANTAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90



verð frá
2.750

Sturtustagnasett

Sturtustöng með handúðara, barka og sápuskál, 2 gerðir eitt verð



verð frá
1.750

Sturtuset

Handúðari með barka og festingu, 3 gerðir eitt verð



verð frá
3.900

**Handlauga-
blöndunartæki**

með lyftitappasetti



verð frá
3.900

Baðáhdasett

6.stk í pakka

Mikið úrval af
baðinnréttingum



23.900*

P-7195 Stærð: 46x46 sm

* Blöndunartæki fylgja ekki þessum innréttingum

SPEGLAR með ljósum


Stærð sm: áður **-50%**

60 x 80	47.800.-	23.900.-
80 x 80	51.800.-	25.900.-
90 x 80	53.800.-	26.900.-
100 x 80	55.800.-	27.900.-
120 x 80	57.800.-	28.900.-

BADKÖR


emilerað stál

Stærðir: 160x70 - 170x70 sm



emilerað stál

Stærðir: 150x75 - 160x75 - 160x70 - 170x75 sm



verð frá
28.800
með fótum

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Spennandi kosningabarátta í Bandaríkjunum

Lýðræðinu ógnað á margan hátt

Þó enn sé óvíst hvort frammistaða Baracks Obama og Mitts Romney í kappræðunum í vikunni komi til með að skipta sköpum þegar upp er staðið markaði rimman upphafið að endasprenningum í kosningaferli sem markar tímamót að mörgu leyti.

Romney var sannarlega keikur eftir kappræðurnar enda var það mál manna að hann hefði haft forsetann undir og jafnvel náð að höfða til óákveðinna kjósenda á miðju stjórnmálanna. Obama náði sér ekki á strik, var langorður og hikandi og nýtti sér ekki færi til að hanka Romney á nokkrum lyklatríðum.

Í framhaldinu sakaði Obama andstæðing sinn um að hafa hallað réttu máli í viðræðunum auk þess sem ríkisstjórnin fyrrverandi hefði enn skotið sér undan því að skýra fyrirhugaða skattastefnu sína. Romney hefur sagst ætla að skera niður skattheimtu um fimm þúsund milljarða dala næsta áratuginn en þó án þess að auka á skuldir ríkissjóðs. Aðgerð sem hagfræðingar telja að geti traudla gengið upp.

Baráttan er því að komast í fimmta gir og verður eflaust óvægarni fram að kjördegi 6. nóvember næstkomandi.

Lýðræði í reynd?

Bandaríkjamenn leggja jafnan ofuráherslu á lýðræðishugsjónina, en hversu virkt er lýðræðið í forsetakosningunum?

Michael T. Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum við Boston College, hélt framsögu á vegum Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands í gær þar sem hann fjallaði einmitt um lýðræðið og framtíð þess í tengslum við kosningarnar.

Að hans mati er ýmislegt sem skekkir myndina varðandi jöfn tækifæri þegna landsins til að hafa áhrif á stjórn landsins. Á meðal þess sem hann tiltók var hlutverk hvers ríkis í vali forsetans, hertar reglur um að sýna skilríki á kjörstað og hinn taumlaus fjáraustur í kosningabaráttuna sem setur ný viðmið í þessum efnunum.

Ohio velur forsetann

Það er kunn staðreynd að vegna

kjörmannakerfisins eru það íbúar fárra ríkja sem ráða úrslitum kosninganna hverju sinni. Hvert ríki hefur ákveðinn fjölda kjörmanna, eftir íbúafjölda, sem velja svo forseta. Sigurvegari í hverju ríki (utan Nebraska og Maine) fær alla kjörmenn þess og er því til mikils að vinna.

Lykilríkin eru þau þar sem mjótt er á munum milli frambjóðenda. Þau eru mismörg hverju sinni, jafnan á bilinu tíu til fimmtán, og njóta þau bættrar stöðu gagnvart öðrum í aukinni athygli frambjóðenda og loforða sem þeir gefa í baráttunni, í von um að snúa kjósendum í ríkinu til fylgis við sig.

Á meðan eru þau ríki sem ekki tjáir að berjast um afskipt og hafa síður áhrif á stefnu frambjóðenda.

Erkildæmið um lykilríki er Ohio sem hefur oftast en ekki riðið baggamuninn í kosningum. Ekki er því að undra að Corgan hafi sagt í fyrirlestirnum, í hæðnistón, að í raun sé verið að velja forseta Ohio!

Staða Obama í lykilríkjum er sem stendur mun sterkari en Romney hefur saxað á forskotið í kjölfar kappræðanna.

Kerfið gegn fátækum

Kosningafyrirkomulagið í Bandaríkjunum hefur um árabil verið þannig úr garði gert að lágtekjufólk á erfiðara með að taka þátt í kosningum. Það mál sem er nú í forgrunni, og Corgan minnst á, er viðleitni til að herða reglur um skilríki á kjörstað, undir því meinta yfirskeyni að verið sé að koma í veg fyrir kosningasvindl sem hefur hreint ekki verið vandamál hingað til.

Corgan sagði að skilríki með mynd væru hreint ekki svo algeng, og þá sist meðal þeirra tekjulægri, og gengju nýjar reglur þá beint gegn möguleikum þess hóps til að geta nýtt kosningarétt sinn.

Fordæmalaus fjáraustur

Þrátt fyrir að ekkert launungarmál hafi verið að fjármagn geti og hafi skipt sköpum í forsetakosningabaráttu um árabil marka þessar kosningar tímamót.

Áður hafði kosningalöggjöf sett hömlur á framlög ein og Corgan benti á breytti nýlegur úrskurður hæstaréttar öllu fjármögnunarmhverfi framboða.

Dómurinn komst að þeirri niður-



Obama enn með forskot

Þrátt fyrir að hafa borið skarðan hlut frá borði í kappræðunum er Barack Obama enn í góðri stöðu fyrir lokasprenningunum.

Samkvæmt samantekt *Real Clear Politics* á nýjustu skoðanakönnunum er forsetinn með rúmlega þriggja stiga forskot á Mitt Romney á landsvísi, 49,1% gegn 46%. Sérfræðingar segja þó að ekki sé enn farið að gæta áhrifa frá kappræðunum.

Þegar lítið er til spár um kjörmannafjölda er staða Obama enn sterkari. Hann þykir eiga vísan stuðning 251 kjörmanns, en Romney 181. 106 gætu fallið á hvorn veginn sem er, en 270 kjörmenn þarf til að ná kjöri.

Tvær kappræður eru enn fram undan, 16. október og 22. október, og þá þarf Obama væntanlega að láta sverfa til stáls til að halda sinni stöðu fyrir kjördag, hinn 6. nóvember.

stöðu að ekkert gæti bannað fyrirtækjum að „tjá skoðanir sínar“, það er að styrkja málstað eins frambjóðanda umfram annan.

Það hefur orðið til þess að peningum hefur rignt inn í svokallaða Super PAC-sjóði, sem eru aðeins bundnir af því að vera ekki beintengdir frambjóðendum og að í útgefna efni þeirra sé ekki hvatt til þess að kjósa annan frambjóðandann fram yfir hinn. Áherslan

hefur því frekar verið á að tíunda ókosti andstæðingsins og velta upp þeirri spurningu hvort kjósendur vilji að hann nái kjöri.

Um síðustu mánaðamót hafði Romney safnað tæpum 800 milljónum dala og Obama litlu minna, en allt stefnir í að þeir muni samtals eyða rúmum tveimur milljónum dala í kosningabaráttuna, sem er meira en nokkru sinni áður.

Ef fram fer sem horfir munu

Bandaríkjamenn væntanlega sjá enn meiri áherslu á helstu lykilríkin þar sem frambjóðendur munu ríða um héruð með fulla vasa fjár.

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



www.volkswagen.is



Sigurvegari í sparakstri*

Golf kostar aðeins frá 3.390.000 kr.

Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskíptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6



Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparakstrarskeppni Atlantisliu 2012, í flokki dísilbila 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Reynslan er góð!

FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur frá 5.390.000 kr. FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur frá 6.290.000 kr.

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákni um gæði.

ford.is



**NOTAÐIR FORD
AÐ SELJAST UPP!**

Komdu með notaðan
Ford til okkar og settu
hann upp í nýjan

FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

39.477 kr./mán.*



* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2.0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söluheildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

NÝTT Fulleldaðir réttir - tilbúið til upphitunar



2698 kr. pk.

Fulleldað kjúklingaspjót, prenna



998 kr. pk.

Fulleldað kryddhjúpuð kjúklingasteik



1198 kr. kg

Fulleldaður núðluréttur með kjúklingi



1298 kr. kg

Fulleldaðar kjúklingabollar í spaghetti



GRÍMSSTAÐIR Tillaga liggur fyrir þingi um endurskoðun laga um uppkaupt á landi. Henni er ætlað að skýra reglur svo hægt sé að koma í veg fyrir uppkaupt erlendra aðila á íslensku landi. Huang Nubo vildi kaupa Grímsstaði á Fjöllum. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

Landaeign og lýðræði

Þrjú helstu mál Vinstri grænna lúta að uppkauptum á landi, því að aðild framboða að kjörstjórnnum sé tryggð og stofnun enduruppptökunefndar um mál fyrir Hæstarétti. Stuðningur er við sum málin út fyrir flokkinn.

Þumalputtareglan er sú að þau mál sem fá lægstu málsnúmerin eru aðaláherslumál flokkanna. Þá eyrnamerkja flokkarnir þrjú mál sem verða þeirra helstu áherslumál á hverju þingi fyrir sig. Þetta á við þegar horft er til þingflokka, en að sjálfsögðu birtist stefna stjórnarflokka fyrst og fremst í því sem kemur frá ráðherrunum.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun leggja áherslu á réttarfarslegar umbætur, endurskoðun á lagalegu umhverfi er varðar uppkaupt á landi og því að tryggja öllum framboðum fulltrúa í landskjörstjórn.

Allir í kjörstjórn

Árni Þór Sigurðsson er fyrsti flutningsmaður á síðasttalda málinu, en um frumvarp til laga er að ræða. Þingmenn úr Samfylkingunni og Framsóknarflokknum eru meðflytjendur, auk Þórs Saari.

Lagt er til að framboð á Alþingi sem ekki fá kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn geti tilnefnt áheyrnarfulltrúa í hana. Hið sama gildi um framboð til sveitarstjórna.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á 135. þingi, 2007 til 2008, og er nú endurflutt í fjórða sinn. Í greinargerð með frumvarpinu segir að kosningaréttur sé einn mikilvægasti réttur í lýðræðissamfélagi, en lýðræði sé þó ekki tryggt sé hann til staðar. Mýmörg dæmi séu um kosningavindl í þágu ríkjandi afla og því gegni kjörstjórnir mikilvægu hlutverki.

„Það má því aldrei verða þannig að kjörstjórnir verði lokaður hópur fulltrúa fárra stjórnmaflokka,



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Brugðist við Nubo?

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaupt á landi. Markmiðið er meðal annars að „setja skýrar reglur sem miði að því að koma í veg fyrir uppkaupt erlendra aðila, sem ekki hafa hér lögheimili og fasta búsetu, á landi.“

Að auki á að huga að almennum viðmiðum varðandi lands-tærð, nýtingu og fjölda og horfa til umhverfis-sjónarmiða.

Eðlilegt hlýtur að teljast að setja tillöguna í samhengi við umræðuna um áætlanir kínverska fjárfestisins Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum. Greinargerðin með tillögunni er ýtarleg og hefst á grundvallarskilgreiningu.

„Almennt er lítið svo á að fjögur grundvallaratriði séu nauðsynlegar forsendur fyrir tilvist ríkis, þ.e. fólk, land, lögbundið skipulag og stjórnarfarslegt sjálfstæði.“

Það að þingflokkurinn setji þetta sem eitt af sínum höfuðmálum gæti því þýtt að löngu boðuð stefnumörkun á þessu sviði sé væntanleg.

Enduruppptökunefnd

Álfheiður Ingadóttir er fyrsti flutningsmaður á lagafrumvarpi um breytingu á lögum um dómstóla og

enda þótt þeir njóti stuðnings meiri hluta kjósenda. Starf kjörstjórna er heldur ekki flokkspólítískt, það er fyrst og fremst lýðræðislegs eðlis og því afar þýðingarmikið að tryggja hagsmuni og sjónarmið sem allra flestra innan þeirra.“

Lagt er til að nefndina skipi þrír fulltrúar og þrír til vara sem allir skulu vera löglærðir. Hæstiréttur tilnefni einn aðal-mann, dómstóla-ráð annan en Alþingi kjósi hinn þriðja. Varamenn séu tilnefndir á sama hátt.

Formaður nefndarinnar skal vera skipaður af ráðherra til sjö ára og ekki er heimilt að gegna embættinu oftar en einu sinni. Formaðurinn þarf að fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti dómara við Hæstarétt.

Málið er nú flutt í þriðja sinn og hefur fyrsti flutningsmaður notið aðstoðar réttarfarsnefndar og inn-anríkisráðuneytisins við samningu þess.

Svör við fyrirspurnum Álfheiðar á Alþingi sýna að langflestum beðnum sem berast Hæstarétti um enduruppptöku er hafnað.

„Hér verða niðurstöður Hæstaréttar í ákvörðunum um enduruppptöku mála ekki dregnar í efa en þó ljóst að gagnsæið er lítið þegar röksemdir dómsins eru ekki opinberar. Þá eru dæmi um að dómara sem dæmt hafa í viðkomandi máli komi að ákvörðun um samþykki eða synjun um enduruppptöku þess, þar á meðal allir þeir sem dæmdu málið í einu tilfellinu. Þykir flutningsmönnum það ekki eðlileg málsmeðferð,“ segir í greinargerð með málinu.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Málstefnan

Merði Árnasyni, þingmanni Samfylkingarinnar, er íslensk tunga hugleikin, enda mikill og góður íslenskumaður. Hann hefur nú lagt fram tvær fyrirspurnir á þingi er báðar lúta að málstefnu.

Annars vegar spyr Mördur hvað líði mótun málstefnu í Stjórnarráðinu og hins vegar um hvort sveitarfélög hafi sett sér málstefnu, en um það er kveðið á í sveitarstjórnarlögum.

„Hefur ráðuneytið vakið athygli forustumanna í sveitarfélögum á þessari lagaskyldu, gefið út leiðbeiningar um stefnumótunina, boðið fram aðstoð sína við undirbúning stefnumótunar, haft samband við Íslenska málnefnd eða Málnefnd um íslenskt tákmal um þetta efni, eða beitt sér með öðrum hætti fyrir því að íslenskum sveitarfélögum verði mótuð málstefna?“

PANKABROT

Kosningaveturinn

Í umræðunni um ábyrgð á hruninu, hver ætti að sæta hennar og hvernig, var viðkvæðið oft og tíðum að verk stjórnmalamanna ætti aðeins að dæma í kosningum. Senn líður að því að kjósendur fái að leggja mat sitt á frammistöðu þingmanna, en kosið verður í vor.

Erfitt getur reynst að meta starf fjögurra ára, en lýðræðið krefst ábyrgðar af kjósendum og að þeir taki upplýsta ákvörðun. Vega þarf og meta ákvarðanir þingsins, ríkisstjórnarinnar, hvernig stjórnarandstaðan hefur verið, meirihlutinn og hvort einhver hinna nýju framboða bjóði kannski eitthvað betra.

Kosningavetur hafa oft reynst ríkiskassanum erfiðir. Meirihlutinn veit sem er að ekki er á vísan að róa með áframhaldandi setu

á valdastólum og freistast oft til þess að setja sitt mark svo eftir verði tekið á þjóðlífið. Göng hér, innspýtingu þar. Ákvarðanirnar geta verið hinar ágætustu, en ekki ef þær stjórnast af því að það styttest í kosningar.

Að sama skapi má stjórnarandstaðan ekki gleyma sér í ljósi myndavélanna og fjölmiðlaumfjöllunar skömmu fyrir kosningar, hversu bjart sem það er.

I raun er þetta ósköp einfalt; stýra þarf landinu af sömu festu og einurð rétt fyrir kosningar og á öðrum tíma. Annað er einfaldlega ábyrgðarleysi og við höfum ekkert við ábyrgðarlaust fólk að gera í sölu Alþingis eða á sessum ráðherrastóla.

Skiptir þá engu hvað kallað er úr kjördæmum viðkomandi.



— KETTLE CHIPS —
**EINFALDLEGA
BETRI
— FLÖGUR —**

BONUS

HAGKAUP

FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – ÖNNUR GREIN

HELVÍTIS
FÖKKING
FÖKKI

Lognið á eftir storminum

Krafan um endurnýjun stjórnmalanna var hávær í kjölfar bankahrunsins. Ríkisstjórnin hrökklaðist frá völdum, minnihlutastjórn tók við og í kjölfarið fyrsta hreina vinstri-stjórnin. Fjórum árum síðar virðist flóðbylgja breytinganna hafa hjaðnað og allt að falla í sama farveg. Mótælaraddirnar eru þagnaðar, fjórflokkurinn hefur fest sig í sessi og óvíst hvernig nýjum framboðum gengur.

Hrunið hleypti öllu upp í íslensku pólitík. Fólk þurfti að tapa peningum til að það léti í sér heyra, en þá gerði það líka svo um munaði. Það flykktist út á götur og mótmælti og lögreglan beitti tárágasi til að dreifa mannfjölda í fyrsta skipti síðan við inngöngu Íslands í NATO árið 1949.

Í fyrstu voru kröfur mótmælenda heldur óskýrar, mótmælin voru mun fremur útrás fyrir reiði og vonbrigði en krafa um ákveðnar úrbætur. „Helvítis fökking fökk“ summaði tilfinningar Íslendinga upp. Smám saman beindist reiðin þó í ákveðinn farveg, þess var krafist að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til alþingiskosninga.

Það var daglegt brauð þúsunda íbúa á höfuðborgarsvæðinu að fara niður á Austurvöll, berja potta og hrópa „vanhæf ríkisstjórn“ oftar en ekki við loga elda sem kveiktir höfðu verið. Pelsklæddar konur stóðu við hlið ungmenna í rifnum fótum og samkenndin var órofin. Og hún virkaði.

Mótmælin tókust

Eftir því sem skelfilegar afleiðingar efnahagskransins komu betur fram varð ljósara að ríkisstjórninni væri ekki sætt. Lögreglan var með stöðugan vörð við Alþingi og stjórnarráðshúsið og byljandi mótmælanna varð hluti af hinni daglegu hljómkviðu Reykjavíkur.

Einn af öðrum týndust þeir líka í burtu sem fólkíð taldi bera ábyrgð á ástandinu. Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sögðu af sér. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra veiktust hins vegar og höfðu hægt um sig.

Fólkinu fannst það ekki nóg og mótmælti meintum hroka valdsmanna. Helsta birtingarmynd hans voru flegu ummæli Ingibjargar Sólrúnar á borgarafundi í Háskólabíói þar sem hún sagði við fundargesti: „Þið eruð ekki þjóðin.“

Vinstribylgjan rís

Upp úr áramótum hófust þreifingar á milli stjórnmálanna um nýja stjórn og þegar Geir baðst lausnar tók minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar við undir forystu Jóhannu Sigurðardóttur. Framsóknarflokkurinn varði stjórnina falli en vildi ekki taka sæti í henni. Boðað var til kosninga sem fram fóru í apríl. Með því var helstu kröfum mótmælenda mætt, en þess ber þó að geta að kröfur þeirra voru mjög fjölbreyttar og ekki eftir ákveðinni stefnuskrá.

Samfylkingin sat í hrunstjórninni en kjósendur virtust þó ekki



VENDIPUNKTUR Mótmælendur hröktu ríkisstjórn Geirs H. Haarde frá völdum og knúðu fram kosningar. Vendipunktur var fundur Samfylkingarinnar í Reykjavík í Þjóðleikhúskjallaranum 21. janúar 2009. Áhrif þúsunda mótmælenda fyrir utan höfðu áhrif inn á fundinn.

kenna henni um ástandið. Þar var Sjálfstæðisflokkurinn, sem setið hafði óslitið í stjórn síðan 1991, látinn bera höfuðábyrgð. Hann fékk aðeins 23,7% fylgi í kosningunum sem er langlægsta fylgi flokksins. Framsóknarflokkurinn, sem verið hafði í ríkisstjórn frá 1995 til 2007, fékk hins vegar nokkuð hefðbundin fylgi.

Úrslit kosninganna voru söguleg; minnihlutastjórnin fékk meirihluta og í fyrsta skipti í sögunni var hægt að mynda tveggja flokka vinstri-stjórn. Hendar beid ærið verk við endurreisn íslensks efnahags.

Siðbótarkrafan

Stór orð voru höfð uppi um það að nýir tímar væru runnir upp. Allt of lengi hefðu stjórnmál landsins einkennt af sérgæsku, en nú skyldu nýir vindar blása. Allir flokkar lofðu siðbót og breyttum vinnubrögðum.

Sú krafa hafði líka áhrif í kosningunum sjálfum. Nýtt fólk tók sæti á listum gömlu flokkanna og reynt var að finna hreyfingu mót-

mælenda farveg innan nýs stjórnmálaafsls; Borgarahreyfingarinnar, sem kom fjórum mönnum á þing. Nokkur endurnýjun hafði verið á listum árið 2007 og við þingsetninguna árið 2009 var aðeins 1/3 hluti þingmanna með yfir tveggja ára þingeyrslu.

Siðbótarkrafan hafði áhrif út í flokkana og Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylking hófu naflaskoðun sem átti að skila breyttum vinnubrögðum. Vinstri græn sigldu nokkuð lygnan sjó, hafandi verið gagnrýnin í stjórnarandstöðu allan bólotímenn. Í Framsóknarflokkinum urðu umskipti þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gekk nánast inn af götunni og varð formaður.

Nýir tímar virtust í vændum og ekki drógu úrslit sveitarstjórnarkosninganna árið eftir úr þeim væntingum. Besti flokkurinn fékk sex menn kjörna í Reykjavík, Listi fólksins hreinan meirihluta á Akureyri og í Hafnarfirði var stærsti kjósendahópurinn sá sem sat heima eða skilaði auðu.

Fólkið virtist þreytt á gömlu

flokkunum, vildi breytingar á þeim eða hreinlega nýja flokka.

Fjarar undan

Ekki verður annað sagt en að uppgjörið hafi farið vel af stað. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis tók á allflestum atriðum varðandi hrúnið og þótti til fyrirmyndar. Til hennar var vitnað í ræðum og ritum og hún sat á metsölulistum bókaúðanna.

Heldur kvarnaðist upp úr eindrægninni í framhaldinu sem kristallaðist í ákæru á hendur Geir H. Haarde, en um landsdómsmálið verður fjallað í sérstakri grein.

Ekki verður heldur séð að endurnýjun á þingi hafi bætt umræðuhæfðina þar og traust á Alþingi mælist í sögulegu lágmarki.

Það má því segja að fjarad hafi undan samstöðunni sem náðist um endurbætur á íslensku stjórnmála-menningu.

Allt óbreytt?

Fjórum árum eftir hrun virðist allt vera að falla í sama farið. Óánægju-storminn hefur lægt og ekki útlit


fyrir brælu á þeim miðum í bráð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð fyrri styrk sínum og stuðningur við Samfylkinguna og Vinstri græn hefur dalað og er svipaður og fyrir hrun. Framsóknarflokkurinn hefur hvorki náð vopnum sínum né látið á sjá og fylgi hans mælist stöðugt í kringum 13 prósent. Vinstribylgjan hefur hjaðnað.

Verði úrslit kosninganna í vor eins og skoðanakannanir benda til munu aðeins fulltrúar fjórflokksins ná sæti á Alþingi. Einhver hinna fjölmörgu nýju framboða sem boðuð eru gætu vissulega náð á þing, en í dag njóta þau ekki stuðnings til þess. Þó er eftirtektarvert að stuðningur við önnur framboð en fjórflokkinn mælist tæp 17 prósent í könnunum núna, en var ekki nema 10 prósent í síðustu kosningum.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Fylgi stjórnmálaflokka



Hugmyndin um beint lýðræði hefur skotið rótum

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að fyrir og strax eftir hrun hafi komið upp óánægja með sterkt meirihlutaræði. Sporna ætti gegn því að sterkir foringjar réðu of miklu. Þó sumstaðar væru meinbugir á því að sú krafa næðist í gegn, hefði hún átt sér stað, til dæmis hjá þingflokki Vinstri grænna varðandi Icesave. Hrunið hafi hins vegar mestu breytt hvað varðar beint lýðræði.

„Sú hugmynd er orðin útbreidd að þjóðar- atkvæðagreiðslur séu mikilvæg leið að sporna gegn meirihlutaræði Alþingis og ríkisstjórnar. Þjóðar- atkvæðagreiðslurnar varðandi Icesave skiptu miklu máli þar um. Sú skoðun er orðin viðtekin að óvinsælt Alþingi eigi ekki að hafa vald til að taka bindandi ákvarðanir fyrir fólkið ef það er þeim andsnúið.“

Þetta var líka meginþemað í forsetakosningunum í sumar. Við sáum það þegar Þóra

Arnórsdóttir kom fram undir þeim merkjum að vilja vera íhaldssamur forseti í anda Vigdísar Finnbogadóttur að það náði ekki neinu flugi. Forsetinn er orðinn valdameiri en hann var fyrir hrun og stóra breytingin sem hrúnið hafði í för með sér er að vinsældir hugmynda um beint lýðræði hafa aukist.“

Stefanía bendir á að gangi tillögur um nýja stjórnarskrá eftir verði völdum þingsins sett enn frekari skorður. Við málskotsréttinn bættist þá að 10 prósent kjósenda geti krafist þjóðar- atkvæðagreiðslu.

„Þá er athyglisvert að spár um dauða stjórnmálaflokka gengu ekki eftir. Flokkar hér, og í öðrum lýðræðisríkjum, hafa sýnt ótrúlega seiglu og aðlögunarhæfni. Nokkuð umbótastarf hefur átt sér stað í þeim, meðal annars til að styrkja grasrótina gagnvart forystunni.“



STEFANÍA ÓSKARS- DÓTTIR

ferð.is

ferðaskrifstofa á netinu

Flugsæti


29.900 kr.
fram og til baka!

Dublin

og

Madrid á

botn-
prís!



Dublin

Flugsæti

25. - 29. október

Verð frá 29.900 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.

Madrid

Flugsæti

11. - 14. október

Verð frá 29.900 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.

Takmarkað sætaframboð!

Nánar á Ferð.is

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með ferð.is kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

fjúgðu fyrir miðna

ferð.is
sími 570 4455



Skrýtin deila um skólastarf á Tálknafirði:

Af hverju „ótækt“?

Undarleg deila um skólastarf á Tálknafirði komst í hárnæmi í síðustu viku. Þar var síðastliðið sumar ákveðið að semja við Hjallastefnuna, sem hefur rekið leik- og grunnskóla í nokkrum sveitarfélögum með góðum árangri, um að fyrirtækið tæki að sér rekstur grunnskóla sveitarfélagsins. Þessu var yfirgnæfandi meirihluti foreldra grunnskólanna á staðnum samþykktur.

Í síðasta mánuði sendi svo menntamálaráðuneytið Tálknafjarðarhreppi bréf, þar sem fram kemur að þetta fyrirkomulag sé ólöglegt. Hvert sveitarfélag eigi að reka eigin grunnskóla og lög heimili ekki að sveitarfélag feli einkaaðila að reka eina skóla sveitarfélagsins. Auk þess hafi Hjallastefnan ekki fengið viðurkenningu ráðuneytisins til að reka skólann.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Um þessi atriði er ágreiningur; Tálknafjarðarhreppur telur sig hafa farið að lögum og samið við Hjallastefnuna með vitund ráðuneytisins. Og Hjallastefnan nýtur að sjálfsgöðu viðurkenningar ráðuneytisins, enda rekur hún marga skóla og enginn efast um að fyrirtækið er vel í stakk búið til að reka Tálknafjarðarskóla.

Ef það er hins vegar svo að lög banna að einkaaðili reki eina skólann í sveitarfélagi, eru það vitlaus lög. Þrjú grunnþætti þarf til að reka gott menntakerfi. Í fyrsta lagi þarf að fjármagna skólana, í öðru lagi þarf að reka þá og í þriðja lagi þarf stefnumótun og eftirlit með því að stefnunni, sem kemur fram í lögum og námskrá, sé fylgt. Á Tálknafirði fjármagnar sveitarfélagið skólann áfram og enginn borgar skólagjöld. Opinberir aðilar sjá áfram um stefnumótunina og eftirlitið. Um rekstrarþáttinn geta margir aðrir séð en hið opinbera. Mörg fordæmi eru fyrir því, bæði hér á landi og annars staðar, að hann sé í höndum einkaaðila.

Burtséð frá lögnum, sem deilt er um hvort hafi verið brotin, virðast einhver hugmyndafræðileg sjónarmið liggja að baki þeirri meiningu, sem Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, orðaði til dæmis þannig að það væri „ótækt“ og „ekkert vit“ í að fela „þriðja aðila“ allt skólastarf í einu sveitarfélagi.

Af hverju ætti það að vera svo? Eru einkafyrirtæki lélegri en opinberir aðilar í að reka skóla? Ekkert bendir til þess. Er það vegna þess að Hjallastefnan vinnur eftir tiltekinni hugmyndafræði og það er ótækt að skikka alla foreldra í sveitarfélaginu til að senda börnin sín í slíkan skóla? Það gætu verið rök í málinu, en þá gleymist að mjög víða er eini skóli sveitarfélagsins einmitt rekinn eftir einhverri sérstakri hugmyndafræði, sem oftast er sprottin úr nýjungagírni og metnaði kennara og skólastjórna. Þar er heldur ekkert val, nema fólk vilji setja börnin sín í skóla í öðru sveitarfélagi eins og að minnsta kosti einn Tálknafirðingur ætlar að gera.

Æskilegast er náttúrulega að sem mest fjölbreytni ríki í skólastarfi, bæði í stefnum og rekstrarformi, innan þess ramma sem aðalnámskrá hvers skólastigs setur. Um leið er eftirsóknarvert að foreldrar hafi sem mest val um skóla fyrir börn sín þannig að fjölbreytnin nýtist sem best, helzt þannig að peningarnir, sem ætlaðir eru til að mennta barn, geti fylgt því á milli skóla.

Ætli einhver hins vegar að halda því fram að krakkarnir á Tálknafirði fái verri menntun en áður, af því að nú er það einkafyrirtæki sem heldur utan um reksturinn á skólanum, er sá hinn sami úti að aka.

Týndur fókus og sjálfsmynd


Árni Páll Árnason, formannsfram-bjóðandi í Samfylkingunni, ræddi sýn sína á flokkinn við Sigurjón M. Egilsson á Bylgjunni í gær. Hann sagði Samfylkinguna hafa glatað sjálfsmynd sinni og misst fókusinn í ríkisstjórnarsamstarfinu við Vinstri græn – alveg eins og flokkurinn hefði gert þegar hann starfaði með Sjálfstæðisflokknum. Þetta mætti ekki gerast aftur. „Auðvitað munum við bjóða upp á samstarf en það verður að vera á okkar forsendum,“ sagði hann.

Forsendur Samfylkingar

Ber að skilja Árna Pál þannig að Vinstri græn, Sjálfstæðisflokkur eða aðrir flokkar eigi að ganga til ríkisstjórnarsamstarfs á forsendum Samfylkingarinnar? Það hljómar ekki líklegt til árangurs í samningaviðræðum. Auðvitað er reyndin sú að fólk úr öllum flokkum getur kosið að líta svo á að sjálfsmynd þeirra laskist við það að þurfa að gera sjálfsgöðu málamíðlanir í samstarfi við aðra. Þeir sem vilja hugsa þannig ættu kannski að láta slíkt samstarf eiga sig.

Þekking og skilningur

„Við erum ekki stödd í Rússlandi,“ segir Höskuldur Þórhallsson, sem telur sig eiga góða möguleika gegn formanninum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í prófkjöri í Norðausturkjördæmi. Af hverju? Jú, af því að það er nauðsynlegt að leiðtogi listans sé tengdur þessu sterkasta kjördæmi flokksins. „Að hann hafi þekkingu og skilning á málefnum kjördæmisins.“ Sem hann telur með öðrum orðum að Sigmundur hafi ekki. Það eru kallar kveðjur. stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Betri rammi um krónuna

Gjaldmiðlar



Þórunn Sveinbjarnardóttir
fulltrúi í samráðshópi stjórnvalda um gengis- og peningastefnu

Skýrsla Seðlabankans um valkosti Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum er nýr grundvöllur umræðu um framtíð krónunnar, upptöku evru og nýja peningastefnu fyrir heimili og fyrirtæki. Það er, ef fólk hefur áhuga á upplýstri og yfirvegaðri opinberri umræðu um þau mál. Skýrslan er gríðarstórt plagg en ég hvet alla til þess að kynna sér efni hennar í stórum dráttum, t.d. samantekt úr köflum. Eins og allir vita hefur Ísland glímt við þrenns konar efnahagskreppu undanfarin 4 ár; banka-, skulda- og gjaldmiðilskreppu. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur orðið vel ágengt í glímunni við banka- og skuldakreppuna en lítil samstaða er innan hennar um gengis- og peningastefnu til framtíðar.

Í vetur leið skipaði þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, þverpólitískan samráðshóp um mótun gengis- og peningastefnu með þátttöku fulltrúa verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Á þeim vettvangi hefur skapast sameiginlegur skilningur á næstu skrefum fram á við í þessu mikilvæga verkefni. Það er einnig kominn góður grunnur til samtals um framtíðina

ef fólk hefur raunverulegan áhuga á því að hætta bendingum og upphrópunum um þessi mál.

Í skilabréfi samráðshópsins til nýs fjármála- og efnahagsráðherra, Katrínar Júlíusdóttur, segir m.a. að áætlanir stjórnvalda þurfi að taka mið af því að nýr gjaldmiðill verði ekki tekinn upp hér á landi á næstu árum. Það breyti því hins vegar ekki að ríkisstjórn þarf að treysta ramma ábyrgðar stjórnar ríkisfjármála- og sýna aga í hagstjórninni almennt séð. Gjalddeyrishöftum þarf að lyfta án tillits til þess hvort fólk styður inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Ég er eins og annað samfylkingarfólk þeirrar skoðunar að sjálfstæð peningastefna sé ekki raunhæfur kostur til framtíðar en ég tel einnig mikið til þess vinnandi að skapa samstöðu og grundvöll um verkefni í gjaldmiðils- og peningamálum sem flest (helst öll) stjórnvaldaöfl í landinu geta starfað á.

Niðurstaða samráðshópsins styður það álit Seðlabankans að verkefni næstu missera sé að skapa betri ramma um krónuna. Hann er nauðsynlegur hvort sem við veljum að taka upp evru eða ekki, þegar þar að kemur.

EKKERT GERIR MÖMMU HRÆDDA ...

Jack er 5 ára.
Hann býr í herbergi með mömmu sinni.



ÓLÍK ÖLLUM ÖÐRUM BÓKUM SEM ÞÚ HEFUR ÁÐUR LESIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Hvað finnst þér?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Þjóðfélagið er alltaf að breytast. Með hverri breytingu á lögum og reglugerðum, hverju nýju frumvarpi sem samþykkt er, verður eitthvað öðruvísi en það var áður – betra eða verra eftir atvikum, því að breytingar eru ekki góðar eða slæmar í sjálfum sér. Við þurfum að vera vakandi. Þegar skólakerfinu er breytt þá breytast kjörin hjá börnunum okkar; þegar hætt er niðurgreiðslum á tilteknum lyfjum breytast kjörin hjá gamla fólkinu; þegar breytt er lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum þá breytast kjörin hjá okkur – þá höfum við fengið vopn, og getum vísað í viðkomandi reglugerð. Og svo framvegis. Þetta vitum við.

Verum með

Við eigum að taka þátt í lífi okkar. Við eigum að taka þátt í þessum breytingum og hafa áhrif á stefnu þeirra. Til dæmis með því að bjóða okkur fram til löggjafarstarfa eða með því að stuðla að og taka þátt í umræðu um breytingarnar hvar sem því verður við komið – eða með því að kjósa það fólk sem við treystum til að starfa í anda okkar lífsskoðana og setja sig inn í flókin úrlausnarefni fyrir okkar hönd og leysa þau sem fulltrúar okkar og þeirra hugsjóna sem við höfum. Slíkt er kallað fulltrúalýðræði og er eitt af grundvallaratriðunum.

Og svo kemur allt í einu enn frekar til okkar kasta og þegar mikið liggur við erum við öll kvódd til: Hvað finnst þér? Hvernig eigum við að hafa þetta? Og þá þurfum við að setjast niður við eldhúsbord-ið með okkar fólki – eða í einrúmi – og velta fyrir okkur hvernig okkur finnst að þetta samfélag eigi að vera, hvað sé réttlátt, sanngjarnt, æskilegt, mögulegt.

Það er stór atburður í lífi einnar þjóðar þegar hún er kvódd til og spurð álitis á því hvernig stjórnarskráin eigi að vera – hvað eigi að standa þar og hvað ekki – hvaða verðmætamat skuli ráða, hvað sé rétt og sanngjarnt; hvernig fundin verði rétt undirstaða þessa þjóðfélags okkar, sem hefur svo takmarkalausa möguleika til að verða gott. „Amma,“ verður spurt: „hvernig svaraðir þú þegar þjóðin var spurð um þjóðaratkvæði? Ha?! Tókstu ekki þátt! Vildirðu ekki vera með í að ákveða það? Af hverju ekki?“

Þetta eru ekki auðveldar spurningar en við þurfum að svara þeim og það gerir það enginn betur en við sjálf. Það að svara þeim er beinlínis liður í þeirri endurreisn íslensks samfélags sem við hljótum öll að vilja taka þátt í – meira að segja þau sem telja að hér hafi ekki orðið neitt hrún.

Já eða nei

Þetta eru sex spurningar og maður svarar annaðhvort já eða nei. Við getum sagt já því að til-lögur Stjórnlagaráðs verði lagðar

til grundvallar við gerð nýrrar stjórnarskrár – á sjálfsögðu með einhverjum breytingum – og við getum líka sagt nei við því vegna þess að okkur finnst að lögmenn, stjórnmalafraeðingar og aðrir fagmenn eigi að gera þetta eða kannski af því að okkur finnst að núverandi stjórnarskrá sé bara alveg ágæt og engin ástæða til að vera hringla með slíkt plagg eftir því hvernig vindurinn blæs í pólitíkinni. Það er fullgilt sjónarmið. En þá er líka að mæta á kjörstað þann 20. október og segja það.



Það er stór atburður í lífi einnar þjóðar þegar hún er kvódd til og spurð álitis...

Okkur getur þótt ástæðulaust að setja inn sérstakt ákvæði um að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign skuli lýstar þjóðareign og aldrei megi ráðstafa þeim eða veðsetja; Nubo geti ekki keypt Dettifoss eins og hann er örugglega óður í að gera, Hannes Smárason geti ekki keypt Esjuna og selt hana svo til Sáði-Arabíu og svo framvegis; og óveiddur fiskurinn í sjónum verði ekki áframhaldandi grundvöllur að stigvaxandi stéttaskiptu lénsveldi hér eða peningafabrikka með óljóstri ávísun. Vera má að okkur finnst einmitt auðsæld fylgja slíku fyrirkomulagi. En þá er líka að mæta þann 20. október á kjörstað og segja það.

Þetta eru grundvallarspurningar um lífsviðhorf og samfélagsgrundvöll og við verðum að þiggja þetta boð um að taka þátt í að móta hann. Á að vera hér lútersk-evangelísk þjóðkirkja eins og hefur verið einn af helstu hornsteinum íslenskrar menningar um

aldir eða er það nútíminn að ríkisvaldið hlutist ekki til um lífsskoðanir af því tagi? Eru hugmyndir Stjórnlagaráðs um persónukjör til þess fallnar að ýta enn frekar undir dellumakeri athyglis-sjúklinga í ræðustól Alþingis eða gerir það þingmenn ábyrgari og ýtir undir að hæfara fólk bjóði sig fram til þingstarfa? Á að draga úr áhrifum stjórnmalaflokkanna? Er hugmyndin um fjórflokkinn kannski bara lýðskrum og mýta? Séu landsmenn allir með sama atkvæðavægi, er þá ekki hætt við því að hagsmunir fámennra byggðarlaga verði fyrir borð bornir eða stuðlar hlutfallskosning að smánarlegu kjördæmapoti? Eigum við að leggjast í endalausar þjóðaratkvæðagreiðslur um öll mál – til dæmis skatta, eins og setti Kaliforníu á hausinn – frekar en að láta fólk sem við treystum taka þær ákvarðanir sem við vitum að þarf að taka en vildum ekki þurfa að taka sjálf? Eða eru þjóðaratkvæðagreiðslur til þess fallnar að fá fólk til að setja sig betur inn í mál, taka frekar ábyrgð sjálf og komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir skynsamlegar rökræður? Hefur meirihlutinn kannski alltaf rangt fyrir sér? Eða rétt?

Þetta eru allt erfiðar spurningar og manni líður soldið eins og maður sé að fara í próf sem maður gæti fallið á. Það er til sérstakrar fyrirmyndar hjá núverandi ríkisstjórn að leita til þjóðarinnar um hjálp við að finna út úr þeim. Þetta varðar okkur öll. Og börnin okkar og barnabörnin sem við stöndum frammi fyrir einn góðan veðurdag: „Afi? Hvað gerðir þú í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2012?“

AF NETINU

Ælt í Hörpu

Hinir frábæru Stuðmenn voru með 4 kombakkigg á föstudags- og laugardagskvöld (síðast spiluðu þeir í fullri reisu 2008, held ég) og var troðuppselt á öll gíggin [...]

Ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum að gíggid kl. 23 á föstudagskvöldið hafi verið ansi skrautlegt og margir dauðadrukknir á svæðinu. Nokkrar sögur heyrði ég af uppköstum gesta; bæði áttu þeir fyllstu að hafa gubbað á bak annarra gesta og líka var ælt fram af svölum á óheppna hátíðargesti fyrir neðan. Nokkrir skiluðu sér ekki inn aftur eftir hlé, heldur röngluðu ofurölvi um ganga og héldu kannski að þeir væru ennþá í Atlavík 1984.

eyjan.pressan.is/frettir/blog/

Gunnar Lárus Hjálmarsson

Herskylda á Íslandi?



Nú í vikunni var ég stódd í Osló í afar gagnlegri ferð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. [...] Á mánudeginum,

1. október, [...] gengum við frá ríkisendurskoðanda að þinginu og virtum fyrir okkur hermenn, flesta unga að árum marsera fram og til baka frá konungshöllinni að Stórþinginu. Vopnaðir hermenn, vart komnir af barnaldri, stóðu vörð um Karls Johans götu, margir með rífla og byssustinga. Mér varð hugsað til sona minna, örlítið yngri. Ekki vildi ég að þetta biði þeirra. Ég vil ekki her á Íslandi og mér finnst rétt að stjórnarskrárbinda bann við herskyldu eins og frumvarp Stjórnlagaráðs leggur til.

blog.pressan.is/margrett

Margrét Tryggvadóttir

NÝTTU FÆRIN Á NETINU!

Á netinu finnurðu oft bestu verðin og mesta úrvalið. Þar leynast safngripirnir og sérvaran fyrir skrítna áhugamálið. Pantaðu af netinu og láttu Póstinn færa þér vörurnar heim að dyrum.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA



PÓSTURINN

www.postur.is



70 HELGI TÓMASSON balletstjóri er sjötugur í dag. „Þegar tónlist snertir mig leitar á mig löngun til að koma þeirri tilfinningu í dans.“

Merkisatburðir 8. október

- 1720** Skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Húnavatnssýslu á tvo bæi og sex manns farast.
- 1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað í Reykjavík.
- 1910** Ensukur togari rænir hreppstjóra og sýslumanni Barðstrendinga og fer með þá til Englands.
- 1969** Peter Ustinov, leikari og leikskáld, er viðstaddur frum-sýningu á verki sínu, Betur má ef duga skal, í Þjóðleikhúsinu.
- 1994** Donovan, breskur dægurlagasöngvari, skemmtir í Þjóðleikhúskjallaranum.
- 2005** Gífurlegur jarðskjálfti skekur Pakistan, Afganistan og Indland norðanverð. Yfir 70 þúsund manns farast.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSLAUG ÁSMUNDSDÓTTIR áður til heimilis að Álfalandi 4, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju í dag, mánudaginn 8. október kl. 15.00.



Ásmundur Stefánsson
Þór Stefánsson
Ása Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Guðrún Guðmundsdóttir
Hulda Ólafsdóttir
Jens Kvist Christensen



Ástkær bróðir okkar og mágur,

SIGURÐUR J. INGÓLFSSON Bakkastíg 9a, Reykjavík,

lést þann 2. október á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 10. október kl. 11.00.



Ragnheiður H. Ingólfssdóttir
Margrét Ingólfssdóttir
Brynjólfur Ingólfsson
Garðar Ingólfsson
Unnur Ingólfssdóttir
Sigurbjörn Ingólfsson
Eypór Ingólfsson
Hulda Jósefsdóttir

Gísli Gíslason
Edda Baldursdóttir
Kristjana Benediktsdóttir
Björn Svavarsson
Róshildur Jónsdóttir



Kærar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SVANHILDA (SVÖNU) SIGURJÓNSDÓTTIR hjúkrunarkonu.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Hraunbúða í Vestmannaeyjum fyrir einstaka hlýju og umönnun.



Kristín Jóhannsdóttir
Vigdís Jóhannsdóttir, Marteinn Jónasson, Davíð Jóhannsson, Inger Kertelhein, Jóhann P. Jóhannsson, Hildur Halldórsdóttir, Ástþór Jóhannsson, Katrín Ævarsdóttir, barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,


THEODÓR STEINAR MARINÓSSON forstjóri,

andaðist á heimili sínu 3. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 10. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Karitas eða önnur líknarfélög.



Magdalena S. Elíasdóttir
Guðrún H. Theodórsdóttir
Elías Theodórsson
Steinunn H. Theodórsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Jón Hilmarsson
Ester Ólafsdóttir
Örn Jónsson



ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar
PEKKING-REYNSLA-ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðbjólfsson S: 892 8947

Reykjavík Swing Syndicate á Kex

Hljómsveitin Reykjavík Swing Syndicate, kemur fram á næstu tónleikum djasstónleikaradárinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28, þriðjudaginn 9. október. Hljómsveitina skipa þeir Haukur Gröndal sem leikur á klarínnett og tenórsaxófón, Gunnar Hilmarsson á gítar, Jóhann Guðmundsson á gítar og Gunnar Hrafnsson á kontrabassa. Tónlistin tengist swing-tónlist

fjórða áratugarins, Django-djassi og bannáragleði. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og standa í um það bil 2 klukkustundir með hléi. Sem fyrr er aðgangur ókeypis.

SPILA Á KEX Hljómsveitin Reykjavík Swing Syndicate leikur á Kex á þriðjudagskvöld.



MJÓLKURBÚSSTJÓRI Kristín Halldórsdóttir mjólkurfræðingur tók við starfi mjólkurbússtjóra Mjólkursamsölnunnar á Akureyri síðasta mánudag en hún á að baki aldarfjórðungs starfsreynslu í mjólkuriðnaði.

LÖSMYNDARI/HEIDA

KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR: MJÓLKURBÚSSTJÓRI FYRST ÍSLENSKRA KVENNA

Eigum ekki erfitt uppdráttar

„Ég hóf að vinna í mjólkuriðnaði árið 1987 svo ég hef verið að hrærast í þessu í 25 ár,“ segir Kristín Halldórsdóttir. Hún tók við starfi mjólkurbússtjóra Mjólkursamsölnunnar á Akureyri mánudaginn 1. október. Þar með er hún fyrsta konan til að gegna stöðu mjólkurbússtjóra í íslenskum mjólkuriðnaði. Hún tekur við af Sigurði Rúnari Friðjónssyni sem starfar nú sem verkefnastjóra í vörubróun í höfuðstöðvum MS í Reykjavík.

Kristín er mjólkurfræðingur með framhaldsmenntun og segir uppeldi sitt í sveitinni hafa spilað inn í starfsvalið. „Ég er sveitastelpa og vildi starfa við eitthvað sem tengdist landbúnaði eftir að hafa alist upp í því umhverfi og kunnað því vel,“ segir hún en æskuslóðirnar eru á Arnstapa í Ljósavatnsskarði í Suður-Þingeyjarsýslu.

Starfsferill Kristínar í mjólkuriðnaði hófst hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags

Þingeyinga á Húsavík. Í framhaldinu hélt hún til Danmerkur og nam grunn- og framhaldsnám í mjólkurfræði. Að loknu námi starfaði hún hjá Mjólkursamlaginu á Blönduósi í rúmt ár og þar eftir á Húsavík. Lengst af, eða undanfarin tólf ár, hefur hún starfað sem gæðastjóri hjá Mjólkursamsölnunni á Akureyri.

Nú ertu fyrsta íslenska konan til að gegna stöðu mjólkurbússtjóra. Hvernig er staða kvenna í mjólkuriðnaði? „Konur hafa ekki sótt mikið í þessa grein. Þannig þetta er karllægur iðnaður ef ég get komist svo að orði. En ég vil ekki meina að við eigum erfitt uppdráttar. Við erum bara ekkert svo margar,“ segir hún.

Aðspurð hvort miklar breytingar fylgi nýju starfi segir hún svo vera. „Já, þetta er talsverð breyting. Í gæðastjórastarfinu bar ég ábyrgð á gæðakerfinu ásamt því að vera mikið í vörubróun en nú er ég meira í rekstri,“ segir Kristín

sem segir sjálfa sig vera tilbúna fyrir breytingar. „Mér var boðið þetta starf og ég gat ekki sagt nei. Mér fannst ég á heppilegum aldri og á góðum stað í lífinu til að takast á við ný og krefjandi verkefni.“

Kristín segir einnig miklar breytingar vera fram undan í íslenskum mjólkuriðnaði. „Það er verið að fjárfesta í dýrum búnaði til ostagerðar og fram undan er tilfærsla á verkefnum hjá Mjólkursamsölnunni.“ Hún bætir við að Mjólkurbúðið á Akureyri sé fyrst og fremst ostabú en 60 prósent af innveginni mjólk fer til ostagerðar og þá að mestu til gerðar gouda-ostsins. „Á næstu vikum fer sá ostur í ný föt og verður seldur undir heitinu Góðostar en undanfarin ár höfum við framleitt ostinn undir almenna og erlenda heiti þessarar ostategundar,“ segir hún spennit fyrir nýjum tímum.

hallfridur@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 8. OKTÓBER 1967

Che Guevara handtekinn í Bólvíu

Eftir að hafa fengið upplýsingar um bækistöðvar Che Guevara og skæruliða hans í Yura umkringdi sérsvæit bólvíska hersins búðir þeirra, með fulltingi 1.800 hermanna, þann 8. október 1967 og tók Guevara höndum. Hann særðist töluvert í átökunum við herinn og er sagður hafa gefist upp sjálfviljugur, lagt frá sér byssuna og hrópað. „Skjótíð ekki. Ég er Che Guevara og ég er meira virði fyrir ykkur lífandi en dauður.“

Eftir handtökuna var Guevara í haldi í gömlum skóla í þorpinu La Higuera. Hann neitaði staðfestlega að svara í yfirheyrslum sem yfirmenn í bólvíska hernum reyndu að framkvæma. Það

eina sem hann fékkst til að segja var að hann vantaði tóbak — sem hann fékk.

Að morgni 9. október fyrirskipaði forseti Bólvíu, René Barrientos, að Guevara skyldi tekinn af lífi. Bandaríka ríkisstjórnin hafði reyndar farið fram á að hann yrði fluttur til Panama til frekari yfirheyrslna, en Bólvíumenn létu það sem vind um eyru þjóta. Til að forðast vandræði fengu þeir drukkin hermenn, Mario Terán sem átti harma að hefna gagnvart Guevara, til að skjóta hann og mæltu svo fyrir að hann yrði að láta líta svo út að Guevara hefði fallið í bardaga. Terán fylgdi þeim fyrirmælum dyggilega og skaut hann alls ný



skotum víðs vegar í líkamann. Samkvæmt samtímaheimildum voru síðustu orð byltingarforingjans: „Skjótðu mig bara, hugleysinginn þinn. Þú ert bara að drepa mann.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

KÓSÍ MEÐ KERTUM

Það er auðvelt að skapa kósí stemningu með kertaljósum á dimmum haustkvöldum. Allt verður svo miklu hlýlegra þegar kertaljósíð logar. Munið bara að slökkva áður en gengið er til náða.



Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í vegg og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h, Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

LISTALAGERINN



JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

NÆGJUSAMUR FAGURKERI

LÍFSREYND Dagmar Agnarsdóttir, myndlistarkona og hársnyrtir, bjó á framandi slóðum í tæp tíu ár og lét þá rætast gamlan draum um að læra myndlist. Hún hélt tvær sýningar á verkum sínum í sumar sem vöktu athygli.

Dagmar starfar við hárgreiðslu hjá Hrafnistu í Reykjavík þrjú daga í viku en þess á milli helgar hún sig myndlistinni. „Ég er með vinnustofu á Smiðjuvegi 74 í Kópavogi og þar deili ég húsnæði með þremur öðrum listamönnum sem er ákaflega skemmtilegt,“ segir hún.

Dagmar og eiginmaður hennar, Ómar Valdimarsson blaðamaður, dvöldu erlendis vegna starfa hans fyrir Rauða krossinn frá árinu 1999-2008. „Við fluttum fyrst til Malasíu og þar ákvað ég að láta draum um að læra myndlist rætast. Ég hóf námið hjá franskri listakonu og lærði að meðhöndla kol, olíu og vatnsliti sem var ákaflega skemmtilegt. Við bjuggum í Malasíu í tíu mánuði en þaðan héldum við til Taílands. Þar vann ég með öðrum listamanni, William Marazzi, og starfaði með hópi fólks sem var á kafi í listsköpun. Eftir þrjú ár í Taílandi fluttum við til Indónesíu og þar fór ég í listaháskóla, Jakarta Institute

of Fine Arts, og sótti einnig tíma hjá þekktum indónesískum listamanni, Teguh Ostenrik, sem fæst við og kennir jöfnum höndum málverk, teikningu og skúlptúr. Eftir rúm tvö ár hélt flakkið áfram en þá lá leiðin til Kenía í Afríku. Þar tók ég að mér kennslu ungra listamanna í Nairobi Arts Center, auk þess að vinna með innlendum listamönnum í GoDown sem er eins konar listamannanýlenda, ekki ósvipað Korpúlfsstöðum, í borginni. Þar lærði ég meðal annars tréristu og fleiri afrísk vinnubrögð,“ útskýrir Dagmar sem segist vera figúratívur listamaður með áherslu á óvenjulegar hendur og fætur. „Ég byrjaði að mála konur, gerðarlegar konur,“ segir hún. „Konurnar sem voru allt í kringum mig. Þær fylgja mér enn... að minnsta kosti oft.“

Dagmar er mikill fagurkeri og hefur áhuga á falletum hlutum. „Ég hef gaman af því að nostra heima við og vil hafa listræna og öðruvísi hluti í kringum mig.“

AFSLAPPANDI
Uppáhaldshorn Dagmarar er við gluggann þar sem hún sér út á sjóinn og getur slappað af.

MYND/DANIEL

ÖFLUG

„Heima er ég með vinnuherbergi og á það til að gleyma mér þar. Ég er að vinna að næstu sýningu sem verður á Café Milanó í janúar.“

■ FRAMHALD Á SÍDU 2

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

ÝMIR, SAGA, FREYJA,
ÞÓR OG ÓÐINN

Hágæða svæðiskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

Tilboðsverð

Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

Svefn & heilsa



www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

FINNDU MUNINN

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

KONJAK
VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?
 Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálf tíma fyrir máltíð



Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna

HITA KÚTAR
 Amerísk gæða framleiðsla
 30-450 lítrar



Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
 DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
 Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Rafhitarar
 í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
 Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
 Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
 Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
 rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

S A F T

GERÐU SAMKOMULAG VIÐ BARNIÐ UM NETNOTKUN Á HEIMILINU



Heimili og skóli
 www.saft.is

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU
 Hins vegar er ég ekki mikið að breyta og bæta, er frekar nægjusöm. Við tókum marga fallega hluti með okkur heim frá Asíu og Afríku sem ég hef gaman af.“
 Dagmar segir að heimilin á þeim stöðum sem þau bjuggu séu afar ólík íslenskum heimilum. „Fólk er meira úti við og þess vegna er minni áhersla á innanstokksmuni. Íbúar á þessum stöðum hafa ekki marga hluti í kringum sig á heimilinu. Þetta hafði áhrif á okkur og þegar við snerum heim tókum við til hendinni í geymslunni og gáfum dót sem þar var eða hentum því. Við áttuðum okkur á að við þyrftum ekki alla þessa hluti. Viðhorf mitt breyttist mikið eftir þá lífsreynslu að búa á framandi slóðum. Það er ekki hægt að líkja þessum menningarheimum saman svo ólíkir eru þeir. Heimili okkar var einfalt þegar við bjuggum í þessum löndum og maður komst af með mun færri hluti í kringum sig.“ segir hún enn fremur.

ÞREFÖLD ÚTSKRIFT
 Þegar Dagmar er spurð hvort hún sé matgæðingur svarar hún því játandi. „Ég borða matinn hans Ómars. Hann er mjög flinkur í eldamennsku. Ég eldaði hins vegar þegar við bjuggum úti því þá var hann mikið fjarverandi. Nú er hann í háskólanámi og hefur meiri tíma en ég til að sinna matargerðinni. Ómar lýkur prófi í mannfræði í vor, yngri sonur



LISTAKONAN
 Verk Dagmarar eru afar sérstök. Hún malar konur og óvenjulega fætur og hendur.
 MYND/DANIEL

okkar útskrifast í lögfræði á sama tíma og yngri dóttir okkar fær kennsluréttindi í ensku. Það verður því þreföld útskrifast að vori.“
 Dagmar segir að það hafi verið erfitt að flytja heim rétt fyrir hrunið. „Ég fékk ákveðið menningarsjökk. Mér fannst svo margt hafa breyst í þjóðfélaginu sem kom mér gríðarlega á óvart. Kannski ætlaðist ég til að allt væri eins og þegar ég fór. En maður breytist líka sjálfur. Mér fannst ég hálf týnd í fyrstunni og gerði mér enga grein fyrir hvað það var sem fékk svona á mig.“
 ■ elin@365.is

FRAMANDI LIST
 Hægt er að skoða verk Dagmarar á vinnustofu hennar, í Gallerí Fold og Gallerí List en þar selur hún einnig vatnslitakort.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

www.meiraprof.is Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afila sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki biðu eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Þú ert tímenn til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



OKKAR BAKARÍ

GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur



Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakari

Okkar bakarí | lónbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarrson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi



Elin Viðarsdóttir
Lögg. fasteignasali

Lækjarás 2, Garðabæ

Opið hús þriðjudaginn 9. október kl. 17:30 - 18:00



Hlýlegt 5 herb einbýli með rúmgóðum bílskúr í Garðabæ. Íbúðarhúsið er 159 fm og bílskúrin 41 fm. Verð: 46,5 m

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir

Fallegt hús á góðum stað

Miklaborg kynnir:

Glæsilegt raðhús á einni hæð við Sæviðarsund 6 í Reykjavík ásamt bílskúr. Stærð samtals 183,7 m²; íbúðin 162,4 m² og bílskúr 21,3 m². Opið hús þriðjudaginn 9. október kl. 17.30-18.00.

Komið er inn í forstofu sem er flísalögð, þar er góður fataskápur, gestasnyrting, þvottahús og svefnherbergi. Þaðan er komið inn í alrými þar sem eru samliggjandi stofur með arni á milli stofa. Eldhúsið er opið inn í stofu en það snýr til norðurs með fallegu útsýni. Eldhúsið er með ljósri innréttingu og nýlegum tækjum. Stofurnar eru bjartar með stórum gluggum þar sem horft er inn í garðinn. Hægt er að ganga út í garð frá stofu. Húsið myndar U sunnan megin, þannig að garðurinn verður eins og hluti af húsinu. Sjónvarpholið er opið inn í stofurnar en það væri auðveldlega hægt að



Góður pallur er við húsið þar sem er heitur pottur en garðurinn snýr til suðurs.

breyta því í fjórða svefnherbergið. Baðherbergi hefur verið endurnýjað með ljósum flísum, sturtu-aðstöðu og góðri innréttingu. Svefnherbergið er rúmgott með miklum skápum og þaðan er hægt að ganga út á verönd sem snýr til suðurs. Húsið er teiknað af Magnúsi Guðmundssyni og Gunnari

Hanssyni.

Aðkoman að húsinu er mjög snyrtileg. Garðurinn snýr til suðurs með um 100 m² afgirtum palli. Heitur pottur. Fallegur garður. Góð staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu. Allar upplýsingar um eignina veitir Jórunn í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081
Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Tröllateigur 20, íbúð 101 – 270 Mosfellsbær

OPIÐ HÚS

Falleg og rúmgóð 118,8 m², 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í falllegu lyftuhúsi við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax! Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir tvær sérgeymslur, ásamt bílastæði í lokuðum bílakjallara. V. 25,9 m.

Opið hús í dag frá 17:30 til 18:00

Meðalholt 3 - 105 Reykjavík

Falleg 76,7 m², 3-4ra. herbergja íbúð á 2. hæð (efstu hæð) í litlu fjölbýlishúsi við Meðalholt 3 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í hol, baðherbergi, eldhús, stofu og 16,1 m² herbergi í kjallara. V. 20,9 m.

Fellsmúli 2 - 108 Reykjavík

Mjög falleg og björt 93,7 m², 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í fjölbýlishúsi við Fellsmúla 2 í Reykjavík. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð! Nýleg gólfefni eru á allri íbúðinni. Eldhúsinnrétting og tæki. Nýleg tæki og innrétting á baði. Mjög gott skipulag. V. 21,9 m.

Flétturími 34 - 112 Reykjavík

Mjög falleg 108,4 m², 4ra herbergja íbúð á efstu hæð, ásamt 25,3 m² enda bílskúr við Flétturími 34 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 27,9 m.

Hraunbær 36 - 110 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 59,3 m², 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Hraunbær 36 í Reykjavík. Áhvílandi er ca. 13,3 m. hjá Landsbanka Íslands. V. 15,9 m.

Miðskógar 8 - 225 Álftanes

1.469,6 m² sjávarlóð undir einbýlishúsi á frábærum stað við Miðskóga 8 á Álftanesi. Lóðin er eignarlóð. V. 15,0 m.

Kristnibraut 6 - 113 Reykjavík

Mjög falleg 118,0 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi, með miklu útsýni við Kristnibraut 6 í Grafarholi. Eignin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. V. 28,9 m.

Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegt 321,8 einbýlishús á tveimur hæðum með einsaklega fallegum garði við Ásholt 3 í Mosfellsbæ. Aðkoma er að húsinu á efri hæð. Lóðin er sérlega glæsileg með mjög mikið af trjágróðri og 28 m² sólskála með heitum potti. V. 67,9 m.

Sólbakki - 270 Mosfellsbær

Glæsilegt 218,4 m² einbýlishús á 3.550 m² gróinni eignarlóð við Sólbakka í Mosfellsbæ. Um er að ræða fallegt 153,4 m² einbýlishús, ásamt 65 m² bílskúr sem skiptist í bílskúr og aukabúð Lóðin er sérlega falleg með miklum trjágróðri, pöllum og grasflöt. Aðkoma að húsinu og bílapan er malbikað. V. 56,5 m.

Bugðutangi - 270 Mosfellsbær

Tvilyft 201,6 m² raðhús með innbyggðum bílskúr við Bugðutanga 36 í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni eru forstofa, tvö svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og búr. Í kjallara er sjónvarphol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Áhvílandi lán ca. 34,5 m. V. 36,5 m.

Háholt 4A - 270 Mosfellsbær

Falleg 91,8, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Háholt 4A í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðirnar afhendist fullbúnar með innréttingum en án gólfefna í stofu og herbergjum, flisar eru á baðherbergi, þvottahúsi og í forstofu. V. 22,5 m.

Völuteigur 8 - 270 Mosfellsbær

512,9 m² skrifstofuhúsnæði við Völuteig 8 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist sautján 11,5-26,4 m² herbergi og eitt 82 m² herbergi og er hluti herbergjanna í útleigu. Einnig er sameiginleg eldhúsaðstaða og tvö baðherbergi. Eignin stendur á 7.073 m² leigulóð, skv. teikningu er viðbótabyggingarréttur upp á 1.206 m² á lóðinni. V. 38,5 m. inngangur, forstofa með gúfuþaði og sturtu, 30 m² herbergi, stígagangur upp á efrihæð og tvö gluggalaus rými samtals ca. 60 m². Lóðin er sérlega glæsileg með mjög mikið af trjágróðri og 28 m² sólskála með heitum potti. V. 67,9 m.



SÉRBYLI



Aspartaugur- Mosfellsbæ

Vandað 223,5 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,5 fm. bílskúr. Rúmgóð stofa. Borðstofa opin við eldhús. Eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum. Sjónvarpshol. Þrjú svefnherbergi. Fataherbergi innarf hjónaherbergi. Baðherbergi, flisalagt í gólf og veggi. Timburvernd til suðvesturs með skjólveggjum. Lóð ofrángin að framanverðu. **Verð 49,9 millj.**



Hólahjalli -Kópavogi Einbýlishús á frábærum útsýnisstað

Stórglæsilegt 355,3 fm. einbýlishús að meðtöldum 45,3 fm. tvöföldum bílskúr á frábærum útsýnisstað við opið svæði í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er allt hið vandaðasta að innan og utan og í mjög góðu ásigkomulagi. Lóðin er glæsileg með miklum veröndum með góðri lýsingu og fallegum gróðri, en þó viðhaldslitillit. Mjög mikil lofthæð er í hluta hússins, t.d. allt að 6 metra lofthæð í stofum. Möguleiki á aukaíbúð með sér inngangi á jarðhæð hússins. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.



Sóleyjarimi 37. Vandað raðhús.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 - 18.00 Vandað 208,3 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og skemmtilega hönnuð lýsing. Stofa og borðstofa með eldstæði og útgengi í garð. Einnig útgangur á verönd úr eldhúsi. Þrjú svefnherbergi, en möguleiki er að gera sjónvarpsrymi að fjórða herberginu. Gólfhiti. Góð afgirt vöðverönd framan við húsið og góð hellulögð aðkoma. **Verð 47,7 millj.** Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.



Hrísholt - Garðabæ.

Fallegt 250,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað. Stórar samliggjandi stofur með frábæru útsýni yfir borgina, út á sjóinn og víðar. Sólskáli með útgangi á verönd með heitum potti. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Þrjú stór herbergi auk fjölskyldurýmis. Ræktuð lóð með hellulagðri innkeyrslu og hitalögnum. Auðvelt er að útbúa 2ja herbergja íbúð á neðri hæð hússins. **Verð 59,0 millj.**



Holtagerði -Kópavogi.

221,0 fm. steiniklætt einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 60,0 fm. sambyggðum bílskúr. Stofa á tveimur pöllum, sólstofa/borðstofa, eldhús, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Húsið hefur fengið gott viðhald. Fallegur skjólsæll garður í góðri rækt til suðurs með um 70 fm. verönd og tengi fyrir heitan pott. Hellulögð aðkoma. **Verð 45,9 millj.**



Tjaldanes - Garðabæ.

Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sem innan sl. ár. Stór eignarlóð sem snýr til suðurs. **Verð 84,9 millj.**



Góðakur 5- Garðabæ

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 10.OKTÓBER FRÁ KL. 17.30-18.00 Glæsilegt 454,2 fm. einbýlishús á frábærri endalóð. Lóðin er 963 fm. að stærð og nýtur útsýnis til sjávar og yfir óbyggð svæði. Eignin stendur neðan við götu og við óbyggð svæði á tvo vegu. Húsið skilast í núverandi ástandi, fullfrágengið að utan og með grófjafnaðri lóð. Aðalhæð hússins er 283,4 fm. og kjallari er 170,8 fm. að stærð og með fullri lofthæð. Mögulegt er að setja glugga á kjallara. **Verð 92,0 millj.** Eignin verður til sýnis nk. miðvikudag. Verið velkomin.



Steinás - Garðabæ.

Fallegt, vel skipulagt og vel staðsett 144,5 fm. einbýlishús á einni hæð auk 50,0 fm. sérstæðs bílskúrs með mikilli lofthæð. Húsið stendur á fallegum stað neðst í Ásahverfinu við opið svæði með frábæru útsýni yfir hraunið. Mjög mikil lofthæð er í stofu og eldhúsi og innfellt lýsing í loftum. Rúmgóð stofa, stórt eldhús og fjögur svefnherbergi. Risloft er yfir hluta hússins, vel manngengt og nýtið sem vinnuástaða. **Verð 63,0 millj.**

Seltjarnarnes

Stórglæsilegt nánast algjörlega endurnýjað 300 fermetra sérbyli á góðum stað á Seltjarnarnesi. 5-6 svefnherbergi. Stórar stofur, vandað eldhús, 3 baðherbergi. Stór afgirt og glæsileg lóð.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali.



Greniás-Garðabæ
Newcastle fékk skell á heimavelli í gær er Man. Utd kom í heimsókn. Drengir Sir Alex sýndu sparihlíðarnar og virðast vera að detta í girinn. Þrátt fyrir vandræði utan vallar voru leikmenn Chelsea á tánum gegn Newcastle en Mario Balotelli fór í fýlu er honum var skipt af velli í sigurleiknum gegn Sunderland.

FÓTBOLTI Man. Utd er komið í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir magnaðan 0-3 útisigur á Newcastle. Varnarmenn liðsins skoruðu tvö fyrstu mörkin áður en Tom Cleverley gerði út um leikinn með gullfallegu marki.

„Þetta voru frábær úrslit fyrir okkur því allir vita að útileikur hér er einn erfiðasti leikur tímabilsins. Við vörðumst frábærlega og áttum sigurinn fyllilega skilinn,“ sagði Wayne Rooney, framherji Man. Utd, en hann lagði upp tvö mörk í leiknum rétt eins og hann gerði í Meistaradeildinni fyrr í vikunni.

„Við höfum ekki verið að verjast nógu vel á tímabilinu og þá meina ég allt liðið en ekki bara varnarmennirnir. Í dag vorum við aftur á móti frábærir gegn líkamlega sterku liði. Það er magnað að halda hreinu hérna. Vörnin og markvörðurinn áttu stórleik.“

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, sagði að þetta hefði verið besti leikur United það sem af er tímabilinu.

„Þetta var frábært. Það er mikið afrek að vinna 3-0 á þessum sterka heimavelli og gegn þessu öflugra liði. Við vorum virkilega góðir allan leikinn. Einbeitingin og ákveðnin til algjörrar fyrirmyndar,“ sagði Ferguson en Newcastle var nálægt því að komast inn í leikinn er skot frá þeim var nálægt því að fara yfir línuna.

„Það er erfitt að sjá þetta en ég hefði verið svekktur að fá ekki mark ef þetta hefði gerst fyrir okkur. Reglan er samt að allur boltinn þarf að fara inn og mér sýndist hann ekki hafa gert það,“ sagði Ferguson og Alan Pardew, stjóri Newcastle, viðurkendi að



SJALDGÆFT MARK Patrice Evra skoraði laglegt mark gegn Newcastle í gær og leyfði sér að fagna innilega enda ekki á hverjum degi sem hann nær því að skora.

NORDICPHOTOS/GETTY

boltinn hefði líklega ekki farið allur inn fyrir línuna.

Di Matteo ánægður með Terry og Cole

John Terry lék með Chelsea um helgina þó svo búið sé að dæma hann í fjögurra leikja bann en bannið tekur ekki strax gildi. Ashley Cole var einnig í liðinu en hann á von á refsingu fyrir að hafa misst sig á Twitter í kjölfar þess að Terry var dæmdur í leikbann.

„Ég held að úrslit þessa leiks sýni hvað leikmenn eru sterkir í að útiloka hluti sem eru að trufla utan

vallar. Menn gátu einbeitt sér að verkefninu og skilað sigri,“ sagði Roberto di Matteo, stjóri Chelsea, en hans lið vann öruggan 4-1 sigur á Norwich.

„Strákarnir elska að spila fótbolta en ég veit ekki hvort fótboltavöllurinn sé eitthvað athvarf fyrir þá þegar gustar utan vallar. Þeir vilja spila og skiluðu afar góðu verki fyrir okkur.“

Balotelli rauk inn í klefa

Mario Balotelli, leikmaður Man. City, fór í fýlu þegar hann var tekinn af velli í sigurleiknum gegn

Sunderland og rauk beint til búningsherbergja. Stjórinn, Roberto Mancini, vildi ekki tjá sig um atvikið og skröpaði á blaðamannafundi.

Aðstoðarmaður hans, David Platt, þurfti því að svara fyrir hegðun Ítalans skapstóra.

„Ég veit ekki af hverju hann rauk inn í klefa. Hann var ekki meiddur. Það var ekki rétt af honum að gera þetta,“ sagði Platt.

City skoraði tvö mörk úr aukaspyrnum í 3-0 sigri sem var aldrei í neinni hættu.

henry@frettabladid.is



Daði Reynir

hefur hafið störf hjá Sjúkráþjálfuninni AFL, Borgartúni 6

Tímamantanir í síma 511 4111

SJÚKRÁÞJÁLFUN

AFL

www.afid.is



Enn ein vonbrigðin hjá Liverpool á meðan Tottenham vann finan sigur:

Liverpool skýtur púðurskotum

FÓTBOLTI Liverpool er enn í neðri hluta ensku úrvalsdeildarinnar eftir markalaust jafntefli gegn grjóthörðum leikmönnum Stoke sem gáfu ekki þumlungu eftir.

Luis Suarez, framherji Liverpool, var enn og aftur í sviðsljósinu. Hann fékk að finna fyrir því en bauð svo upp á dýfu sem fór illa í Tony Pulis, stjóra Stoke.

„Þessi dýfa hjá honum olli mér miklum vonbrigðum. Eins og ég hef sagt áður á að gera mikið úr svona leikaraskap,“ sagði Pulis grimmur en hann vill að leikmenn fari í bann fyrir leikaraskap.

Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, sagðist ekki hafa séð dýfuna en tók samt upp hanskann fyrir sinn mann.

„Það er alveg sama hvað Luis gerir. Menn og fjölmiðlar eru alltaf til í að gera stórmál úr því. Þetta er því ekki eitthvað nýtt. Mér fannst hann vera frábær í þessum leik,“ sagði Rodgers en hann var eðlilega ekki ánægður með að fá aðeins eitt stig úr leiknum.

„Í liði Stoke eru stórir og sterkir menn sem gerðu okkur lífið leitt. Ég var ánægður með mína ungu menn sem stóðu upp í hárinu á þeim. Það er ekkert hægt að gagnrýna leikstíl Stoke enda engin rétt eða röng aðferð til þess að spila fótbolta,“ sagði stjórinn en hans menn fengu færri í leiknum en nýttu þau ekki eins og svo oft áður.

„Það var mikið um átök en ég ætla ekki að kvarta yfir því. Það er mjög svekkjandi að hafa ekki unnið leikinn en ég get ekki kvartað yfir viðhorfi og vinnuframlagi



VONBRIGDI Suarez er hér nýbúinn að klúðra dauðafæri í leiknum.

NORDICPHOTOS/GETTY

leikmanna liðsins. Við vorum að koma okkur inn í svæði og í færni en þessi fræga síðasta snerting var að svíkja okkur. Þess vegna tókst okkur ekki að skora.“

Það tók Tottenham tæpan klukkutíma að brjóta niður varnarmúr Aston Villa en það hafði í lokum og þrjú stig í húsi á White Hart Lane þar sem Hugo Lloris spilaði sinn fyrsta deildarleik fyrir Spurs.

„Við skiljum að Brad [Friedel] sé ekki kátur með að fara á bekk-

inn en við vildum að Hugo fengi nokkra leiki í röð. Hann spilaði síðast og er á leið í landsleiki. Hann ætti því að geta haldið sér í formi og við þar af leiðandi treyst á tvo frábæra markverði,“ sagði Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham, um markvarðastöðuna.

„Brad skildi mína afstöðu á endanum en eðlilega er hann ekki sáttur. Það er skiljanlegt.“

Gylfi Þór Sigurðsson spilaði síðustu átta mínútur leiksins fyrir Tottenham.

-hbg



Við erum

flutt í Skútuvog 11

(Beint á móti Húsasmíðjunni og Blómavali)

Stofnað 1988



Neyðarþjónustan

Lásasmíðurinn

www.las.is

Verslun: Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888

Aron Jóhannsson varð að draga sig úr landsliðshópnum vegna nárameiðsla:

Lét viskuna ráða að þessu sinni

FÓTBOLTI Markamaskína AGF, Aron Jóhannsson, mun ekki fá tækifæri til þess að spila sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland í komandi leikjum í undankeppni HM. Hann dró sig úr hópnum í gær þar sem hann er að glíma við meiðsli í nára.

„Nárinn er mjög slæmur og mér var meinað að fara til móts við landsliðið sem er hundleiðinlegt,“ sagði Aron svekktur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Ég er ungur og vitlaus. Ef þetta hefði verið alfarið mín ákvörðun þá hefði ég farið til Íslands og

það hefði gert nárann verri og ég verið frá í mánuð eða álíka. Ég lét viskuna ráða að þessu sinni og hlustaði á sjúkrahjálfarann. Ég verð á bekknum hjá honum næstu daga í stað þess að æfa með landsliðinu.“

Nárinn hefur verið að plaga Aron í þrjár vikur og hann sama sem ekkert æft. Hann hefur aðeins spilað en varð svo að fara að velli um helgina vegna meiðslanna.

„Ég fékk smá í nárann og þá var ég tekinn af velli. Menn vildu ekki taka áhættu og svo var ákveðið í

kjölfarið að ég færi ekki til móts við landsliðið. Ég er mun verri í dag en ég var eftir leikinn. Það verður því eitthvað að vinna í meiðslunum.“

Aron er markahæstur í dönsku deildinni með tólf mörk í tólf leikjum og biðu margir spenntir eftir því að sjá hann með landsliðinu.

„Þetta er virkilega fúlt enda í fyrsta skipti sem ég er valinn í landsliðið. Mér líður illa yfir þessu. Vonandi var þetta ekki í síðasta skipti sem ég verð valinn í landsliðið.“

- hbg



ARON JÓHANSSON Hefur verið sjóðheitur í danska boltanum og er markahæstur í dönsku deildinni með tólf mörk í tólf leikjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HLYNUR MORTHEMS Átti magnaðan leik í marki Valsmanna einu sinni sem oft.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deild karla:

Fyrsti sigur Valsmanna

HANDBOLTI Valur vann uppgjör botnliðanna í N1-deild karla um helgina. Valur er kominn með tvo punkta í hús en Afturelding bíður enn eftir sínum fyrsta sigri eftir sex marka tap.

„Þetta var gríðarlegur baráttuleikur. Þetta var ekki glæsilegur handbolti, bara barátta út í eitt og við gerðum það sem þurfti til að vinna,“ sagði Hlynur Morthens markvörður Vals sem varði á þriðja tug skota í leiknum, mörg hver úr dauðafærum.

„Seinni hálfleikirnir í síðustu tveimur leikjum hafa verið lélegir. Menn eru alveg í formi en við tókum annan vinkil á þetta í síðustu viku og keyrðum upp tempóið og það sást, við keyrðum yfir gríðarlega fríska Aftureldingargutta. Þá erum við í góðu formi.“

„Við ætluðum ekki að falla á sama bragðinu og skíta á okkur í upphafi seinni hálfleiks. Þannig að menn komu heldur betur grimmir til leiks og við náðum að slökkva í þeim. Þeir voru orðnir hálfhræddir við okkur í restina en svo slaka menn ósjálfrátt á eftir að við komumst tíu mörkum yfir.“

„Ég er í markinu til að verja og hinir til að berjast fyrir framan mig. Ég er gríðarlega ánægður,“ sagði Hlynur að lokum.

- gmi

ÚRSLIT

N1-deild karla:

Afturelding-Valur 20-26

Afturelding - Mörk (skot): Böðvar Páll Ásgeirsson 4 (6), Örn Ingi Bjarkason 4/1 (6/1), Jóhann Jóhannsson 4/1 (10/2), Kristinn H. Elisberg Bjarkason 2 (5), Hilmar Stefánsson 2 (5/1), Þrándur Gíslason 1 (1), Pétur Júníusson 1 (2), Andri Hrafn Hallsson 1 (4), Sverrir Hermannsson 1 (9), Fannar Helgi Rúnarsson (1), Varin skot: Smári Guðfinnsson 15/1 (40/4, 38%), Bjarki Snær Jónsson (1/1, 0%), Hraðauppþlaup: 4 (Böðvar P2, Kristinn, Hilmar) Fiskuð víti: 4 (Örn, Kristinn, Hilmar, Helgi) Utan vallar: 6 mínútur.

Valur - Mörk (skot): Valdimar Fannar Þórssón 7/4 (9/4), Þorgrímur Smári Ólafsson 4 (7), Gunnar Harðarson 3 (4), Agnar Smári Jónsson 3 (5), Atli Már Báruson 2 (2), Vignir Stefánsson 2 (3), Gunnar Kristinn Þórssón Malmquist 2 (3), Finnur Ingi Stefánsson 2 (7/1), Hjálmar Örn Árnason 1 (2), Daði Laxdal Gautason (1), Magnús Einarsson (2),

Varin skot: Hlynur Morthens 21 (39/2, 54%), Lárus Helgi Ólafsson 3/1 (5/1, 60%), Hraðauppþlaup: 5 (Agnar, Vignir, Gunnar 2, Finnur)

Fiskuð víti: 5 (Þorgrímur, Gunnar, Atli, Magnús 2) Utan vallar: 8 mínútur.

NÝTT FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI



Nýjung!

D-VÍTAMÍNÆTT LÉTTMJÓLK

Stóran hluta ársins fá Íslendingar ekki nægilegt D-vítamín. Þess vegna fæst nú D-vítamínætt léttmjólk.

Í einu glasi er einn þriðji af ráðlögðum dagskammti. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

Í nýlegri rannsókn á mataræði 15 ára unglinga á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala kemur í ljós að innan við 5% stúlkna nær ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni og innan við 10% drengja. Þegar litið er til þess að á yngri árum er beinmyndun í hámarki og þörf fyrir D-vítamín sérstaklega mikil þá er ljóst að bregðast þarf við.

D-vítamínætt léttmjólk - eins og hollur sólargeisli :-D

MJÓLKURSAMSALAN

ÚRSLIT

Dominos-deild karla:

Fjöltnir-KR 93-90

Fjöltnir: Christopher Matthews 30/4 fráköst, Árni Ragnarsson 19/13 fráköst, Björgvin Hafþór Rikharðsson 11, Jón Sverrisson 9/8 fráköst, Gunnar Ólafsson 8, Elvar Sigurðsson 5, Arnþór Freyr Guðmundsson 4/6 fráköst/6 stoðsendingar, Tómas Heiðar Tómasson 4/5 stoðsendingar, Jól Sæmundsson 3.
KR: Brynjar Þór Björnsson 24, Martín Hermannsson 21/6 fráköst, Finnur Atli Magnússon 15/8 fráköst, Danero Thomas 15/12 fráköst, Helgi Már Magnússon 12/9 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 2, Ágúst Angantýsson 1.

Tindastóll-Stjarnan 79-90

Tindastóll: Helgi Rafn Viggósson 20/10 fráköst, Friðrik Hreinsson 16/6 fráköst, Isaac Deshon Miles 13/6 fráköst/7 stoðsendingar, George Valentine 10/9 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 6, Helgi Freyr Margeirsson 5, Þróstur Leó Jóhannsson 5/6 fráköst, Hreinn Gunnar Birgisson 2/4 fráköst, Svavar Atli Birgisson 2.
Stjarnan: Marvín Valdimarsson 26/7 fráköst, Justin Shouse 22/6 fráköst, Dagur Kár Jónsson 14, Fannar Freyr Helgason 9/10 fráköst/5 stoðsendingar, Brian Mills 8/8 fráköst, Sæmundur Valdimarsson 4, Guðjón Lárússon 4, Björn Kristjánsson 3

KFÍ-Skallagrímur 95-94

KFÍ: Bradford Harry Spencer 25, Mirko Stefan Virijevic 21/6 fráköst, Christopher Miller-Williams 18/12 fráköst, Jón Hrafn Baldvínsson 11/9 fráköst, Guðmundur Jóhann Guðmundsson 8/8 fráköst, Leó Sigurðsson 6, Pance Ilievski 6/4 fráköst.
Skallagrímur: Páll Axel Vilbergsson 45/5 fráköst, Carlos Medlock 18, Hörður Helgi Hreiðarsson 8/5 fráköst, Egill Egilsson 6/5 stoðsendingar, Sigmar Egilsson 5, Trausti Eiríksson 5/10 fráköst, Orri Jónsson 4, Davíð Ásgeirsson 2, Birgir Þór Sverrisson 1.

Í KVÖLD:

Keflavík - Grindavík kl. 19.15
Snæfell - ÍR kl. 19.15
Þór Þ. - Njarðvík kl. 19.15

Meistaræfnunum skellt

Baráttuglaðir Fjöltnismenn skelltu KR óvænt í fyrstu umferð Dominos-deildarinnar í körfubolta. KR var spáð titlinum fyrir mót en stóð ekki undir því í gær.

KÖRFUBOLTI Fjöltnir sigraði KR 93-90 í fyrstu umferð Dominos-deildar karla í gær. Leikurinn var jafn og spennandi en heimamenn í Fjölni voru mun baráttuglaðari og skilaði það sér að lokum.

„Við vorum mjög slakir, sérstaklega varnarlega. Við náðum bara tveimur æfingaleikjum fyrir mótið og við erum ekki á sömu bláslíðu.“ sagði Helgi Már Magnússon þjálfari KR í leikslok.

„Svona er staðan og við þurfum að vinna úr þessu. Við Brynjar og Finnur komum seint úr landsliðinu, Kanamál tóku lengri tíma en við ætlum, svo voru meislari hjá mönnum þegar æfingaleikir voru en ég ætla ekki að nota það sem afsökun. Við vorum bara lélegir og Fjöltnir var betri.“ bætti Helgi við.

„Við gerðum fullt af mistökum en aðallega hef ég áhyggjur af vörninni. Þeir skora 93 stig og það er ekki það sem við ætlum okkur í vetur. Við lögum þetta á næstu æfingu, það er ekki flóknara en það.“ sagði Helgi sem efast ekki um að hann komi liðinu á þann stað sem þarf áður en langt um líður.

Jafnt var á nánast öllum tölum framan af leik og í hálfleik munaði tveimur stigum, 49-47, Fjölni í vil.

KR lék vel í þriðja leikhluða og virtist vera með góð tök á leiknum en Fjöltnir hóf fjórða leikhluða með 15-2 sprett og náði sex stiga forystu sem KR náði aldrei að vinna upp.

„Við lögðum okkur vel fram, þetta var dagnarsigur. Menn voru virkilega tilbúnir í þetta. Við vorum búnir að fara vel yfir KR-



GRIMMD KR-ingurinn Finnur Atli reynir hér að verja skot Fjöltnismanns.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ingana fyrir leikinn og uppskárurum það sem við lögðum í þetta.“ sagði Hjalti Þór Vilhjálmsson þjálfari Fjölnis í leikslok.

Christopher Matthews fór fyrir

annars jöfnu liði Fjölnis í stiga-skorun, hann skoraði 30 stig, en auk þess var hann mjög duglegur að hvetja félagasina til dáða og leiðbeina yngri leikmönnum. - gmi

ÚRSLIT

Dominos-deild kvenna:

Keflavík-Grindavík 87-47

Keflavík: Sara Rún Hinriksdóttir 20/6 fráköst/6 stolnir, Pálína Gunnlaugsdóttir 19/4 fráköst, Jessica Ann Jenkins 12, Ingunn Embla Kristínardóttir 11/5 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 9, Sandra Lind Þrastardóttir 4/7 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 3, Anita Eva Viðarsdóttir 2, Soffía Rún Skúladóttir 2, Briet Sif Hinriksdóttir 2/4 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 2/5 fráköst, María Ben Jónsdóttir 1.

Grindavík: Dellena Criner 19/11 fráköst, Helga Rut Hallgrímsdóttir 10/10 fráköst, Petrunella Skúladóttir 8/4 fráköst, Harpa Rakeil Hallgrímsdóttir 4/7 fráköst, Sandra Ýr Grétarsdóttir 2, Ingibjörg Yrsa Ellersdóttir 2/3 varin skot, Alexandra Marý Hauksdóttir 2.

Njarðvík-Haukar 57-60

Njarðvík: Lele Hardy 24/17 fráköst/5 stoðsendingar, Ásdís Vala Freysdóttir 13/7 fráköst, Eyrún Líf Sigurðardóttir 11, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 4/8 fráköst, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 2/5 fráköst, Emelía Ósk Grétarsdóttir 2, Ina María Einarsdóttir 1/5 fráköst.

Haukar: Sjarre Evans 27/24 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11/10 fráköst/5 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 11/6 fráköst, Margrét Rósa Hálfanardóttir 9/4 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 2.

Snæfell-Fjöltnir 79-59

Snæfell: Kieraah Marlow 21/13 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 17/5 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 13, Hildur Sigurðardóttir 10/14 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 7/6 fráköst/7 stoðsendingar, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 7, Rósa Indriáadóttir 4/4 fráköst.

Fjöltnir: Britney Jones 34/7 fráköst, Bergdís Ragnarssdóttir 9, Heiðrún Harpa Rikharðsdóttir 7/5 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 5/4 fráköst, Hrunn Jóhannsdóttir 4/7 fráköst.

Valur-KR

70-45

Valur: Unnur Lára Ásgeirsdóttir 17, Alberta Auguste 16/13 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 12, Þórunn Bjarnadóttir 10, Kristrún Sigurjónsdóttir 9/5 fráköst/5 stoðsendingar, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 4, Ragnheiður Benónisdóttir 2/6 fráköst.
KR: Patechia Hartman 17, Björg Guðrún Einarsdóttir 10, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 3, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2, Kristbjörg Pálsdóttir 2, Helga Einarsdóttir 2.

NÝTT
★★★★HLEÐSLU
SKYR

100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

RÍKT AF
MYSUPRÓTEINUM

HLEÐSLUSKYR ER HOLL NÆRING. ÞAÐ HENTAR VEL Í BOOST-DRYKKI EÐA SEM MÁLTÍÐ OG ER RÍKT AF MYSUPRÓTEINUM. SMAKKADU ÞAÐ HREINT EÐA BRAGÐBÆTT.

LÍFIÐ ER ÆFING - TAKTU Á ÞVI



ÓTRÚLEGUR Lionel Messi fagnar hér fyrra marki sínu í leiknum. Hann skoraði tvö eins og Cristiano Ronaldo.

NORDICPHOTOS/GETTY

Jafntefli, 2-2, í El Clásico-leiknum í Barcelona:

Messi og Ronaldo
buðu til veislu

FÓTBOLTI Tveir bestu knattspyrnumenn heims – Lionel Messi og Cristiano Ronaldo – buðu til veislu á Camp Nou í gær er Barcelona tók á móti Real Madrid. Báðir leikmenn skoruðu tvö mörk í 2-2 jafntefli liðanna. Barcelona er því áfram með átta stiga forskot á Real Madrid í deildinni.

Það voru gestirnir sem byrjuðu leikinn betur því Ronaldo skoraði með glæsilegu skoti í nærhornið úr frekar þröngu færi í teignum. Afar smekklega gert. Hann varð um leið fyrsti maðurinn til þess að skora í sex El Clásico leikjum í röð sem er ekki lítið afrek.

Lionel Messi jafnaði ekki löngu síðar með einföldu marki eftir að Pepe hafði verið í tömu rugli í

vörninni. Eftirleikurinn auðveldur fyrir Messi.

Messi kom Barcelona svo yfir í seinni hálfleik með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu. Hans sextánda mark í El Clásico en aðeins Alfredo di Stefano, goðsögn hjá Real Madrid, hefur skorað fleiri, en hann skoraði átján mörk á sínum tíma í El Clásico leikjum.

Börsungar voru þó ekki hólpnir því Ronaldo jafnaði eftir að rangstöðuvörn Börsunga hafði klikkað illilega.

Mikil dramatík var undir lokin og til að mynda átti Barcelona skot í slána tveim mínútum fyrir leikslok en allt kom fyrir ekki og liðin skiptu því með sér stigunum að þessu sinni.

- hbg

Sebastian Vettel vann öruggan sigur í japanska kappakstrinum um helgina:

Vettel farinn að sauma að Alonso

FI Sebastian Vettel stýrði Red Bull-bíl sínum örugglega í mark í japanska kappakstrinum á Suzuka-brautinni. Vettel ræsti af rásþól og var í forystu allan tímann. Vettel er nú aðeins fjórum stigum á eftir Fernando Alonso í heimsmeistarakeppni ökuþóra.

Alonso féll úr leik í fyrstu beygju eftir samstuð við Lotus-bíl Kimi Raikkönen. Það var því ljóst frá byrjun að kappaksturinn myndi breyta stöðunni í heimsmeistarakeppinni mikið.

Liðsfélagi Alonso hjá Ferrari, Felipe Massa, lauk mótinu í öðru

sæti eftir að hafa ekið frábærlega. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn í nærri tvö ár sem Massa stendur á verðlaunapalli.

Heimamaðurinn Kamui Kobayashi stal hins vegar senunni og lauk mótinu í síðasta verðlaunasetinu. Það ætlaði allt um koll að keyra í Japan þegar Kobayashi steig upp úr bílnum, svo ánægðir voru Japanar með árangur síns manns.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1990 sem Japani stendur á verðlaunapalli í japanska kappakstrinum. Það var Aguri Suzuki sem gerði

það síðast. Verðlaunasætið var ekki auðvelt fyrir Kobayashi að verja því Jenson Button á McLaren-bíl gerði harða atlögu á síðustu hringjunum. Button varð þó að láta sér fjórða sætið nægja. Hinn McLaren-ökuþórinn, Lewis Hamilton, varð fimmti eftir að hafa verið í vandræðum með uppstillingu bílsins.

Fernando Alonso á nú mjög erfitt verkefni fyrir höndum enda er ljóst að Ferrari-bíllinn er ekki sá besti á ráslínunni, sannarlega ekki jafn góður og Red Bull-bíll Vettels.

- bph



KAMPAVÍNSBÁÐ Vettel fagnaði vel og lengi eins og síður er í íþróttum.

NORDICPHOTOS/GETTY



HEIÐAR HELGUSON Fær mikið hrós frá stjóranum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Heiðar og Alfreð heitir:

Skoruðu báðir tvö mörk

FÓTBOLTI Heiðar Helguson var hetja Cardiff um helgina er hann skoraði bæði mörk liðsins í 1-2 sigri gegn Ipswich.

Ipswich leiddi í hálfleik en Heiðar tryggði Cardiff sigur með tveimur mörkum í síðari hálfleik. Síðara markið kom tveim mínútum fyrir leikslok.

„Hann situr núna í ísbaði eftir að hafa hlaupið svo mikið að hann er ringlaður,“ sagði Malky Mackay, stjóri Cardiff, eftir leikinn.

„Þessi drengur er sjálfur sér og íþróttinni til mikils sóma. Það er ótrúlegt hvað hann leggur hart að sér. Ungir leikmenn ættu að líta upp til hans því hann eltir bolta fram á síðustu sekúndu. Hann var algjörlega magnaður.“

Cardiff er í öðru sæti ensku B-deildarinnar. Aron Einar Gunnarsson lék einnig allan leikinn fyrir liðið.

Það er ekkert lát á góðu gengi framherjans Alfreðs Finnbogasonar en hann skoraði tvö mörk fyrir lið sitt, Heerenveen, um helgina er það gerði 3-3 jafntefli við Vitesse.

Alfreð kom Heerenveen í 0-1 og svo aftur í 1-2. Mörkin hans dugðu því miður ekki til að þessu sinni en Alfreð fór svo af velli átta mínútum fyrir leikslok.

Heerenveen er í þrettánda sæti hollensku úrvalsdeildarinnar.

- hbg

Eiður byrjar vel í Belgíu:

Mark eftir fimm mínútur

FÓTBOLTI Það tók Eið Smára Guðjohnsen aðeins fimm mínútur að skora sitt fyrsta mark fyrir belgíska liðið Cercle Brugge sem hann samdi við á dögnum.

Eiður byrjaði leikinn gegn Zulte-Waregem á bekknum en kom inn á 67. mínútu og var búinn að skora úr víti fimm mínútum síðar.

Því miður fyrir Cercle dugði mark Eiðs ekki til því Zulte vann leikinn, 3-1.

Arnar Þór Viðarsson lék allan leikinn fyrir Cercle en Ólafur Ingi Skúlason sat allan tímann á bekknum hjá Zulte-Waregem.

Cercle er á botni deildarinnar en Zulte er í öðru sæti.

- hbg

SIEMENS

ecoPLUS frá Siemens
Nýjung sem sparar enni

TÆNK
Í FYRSTA SÆTI

Råd & Rön
GÓÐ KAUP

Maí 2012
Apríl 2012

Siemens uppvottavélar fá hæstu einkunn þriðja árið í röð!

www.sminor.is

Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrast í henni. Þessi uppvottavél er í ecoPLUS-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki. Og sigurgangan heldur áfram. Í maí lenti vélin einnig í 1. sæti hjá danska neytendablaðinu Tænk.

*Einnig fánleg í stáli.

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

STÖÐ 2 KL. 21.35

> The Newsroom

Ný og stórbrotin þáttaröð sem slegið hefur í gegn í bandarísku sjónvarpi. Jeff Daniels leikur virtan sjónvarpsfréttamann sem fer fyrir öflugri sveit á fréttastofunni. Höfundur þáttanna er Emmy-verðlaunahafinn Aaron Sorkin sem m.a. gerði þættina West Wing. Þættirnir hafa fengið lofsamlega dóma og þegar hefur verið ákveðið að ráðast í gerð annarrar þáttaraðar.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON FERÐAST UM HEIMINN

Heimsreisa í kvikmyndasal

Í síðustu viku skipti ég sjónvarpinu út fyrir dimma kvikmyndasali. Í stað þess að sitja heima og horfa á sjónvarpsþætti sótti ég RIFF kvikmyndahátíðina daglega. Ég hef fylgst með dagskrá RIFF allt frá árinu 2006. Þá var ég nemandi við HÍ og fékk passa á hátíðina á sérstökum spottprís líkt og aðrir háskólanemar. Fyrsta árið fór ég í bíó mörgum sinnum á dag og í fyrsta sinn á ævi minni þótti mér ekki vitund vandræðalegt að fara ein í bíó.

Í ár hef ég aðallega farið á heimildarmyndir (tvisvar hélt ég reyndar að um leikna mynd væri að ræða) og eftir stend ég þeim mun fróðari.

Kvikmyndirnar sem sýndar eru á Riff eru



öðruvísi en stórmýndirnar frá Hollywood að því leyti að maður kynnist menningu og lífi annara við áhorf þeirra. Jú, ég sat eins og klessa í Bíó Paradís alla vikuna en mér líður eins og ég hafi verið að koma heim úr heimsreisu. Ekki ónýt tilfinning það.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregin 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregin 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregin 12.50 Dánarfregin 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Vöggvís 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjörnurnar 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spegillinn 18.47 Auglýsingar 18.50 Veðurfregin 18.53 Dánarfregin 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Við Djúpið 2012: Leit að nýjum tónskáldum 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregin 22.10 Orð kvöldins 22.15 Samfélagið 22.30 Albúmið: London Calling - The Clash 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

14.45 Silfur Egils (e)
16.05 Landinn (e)
16.35 Herstöðvarlíf (14:23) (Army Wives)
17.20 Sveitasæla (19:20)
17.34 Spurt og sprellað (8:26)
17.44 Óskabarnið (7:13)
18.03 Teiknum dýrin (8:52)
18.08 Fum og fát (19:20)
18.15 Táknáfréttir
18.25 Frá Svíþjóð til himins (8:8)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfregin
19.35 Kastljós
20.00 Stjórnarskráin Fréttaskýringabáttur frá fréttastofu RÚV. Í þættinum verður fjallað um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin fær að greiða atkvæði um 20. október. Rætt verður við fólk úr stjórnlagaráði og fræðimenn sem segja skoðanir sínar á tillögnum.
20.20 Manndómsvígsla í Síberíu (Becoming a Man in Siberia)
21.15 Castle (27:34) (Castle)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfregin
22.20 Íslenski boltinn
23.05 Njónnadeildin (7:8) (Spooks IX) (e)
00.00 Kastljós (e)
00.20 Fréttir
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

11.00 Gosi
12.50 Wordplay
14.20 Grey Gardens
16.05 Gosi
17.55 Wordplay
19.25 Grey Gardens
21.10 Little Children
23.25 The Illusionist
01.15 Farce of the Penguins
02.35 Little Children
04.50 The Illusionist

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In The Middle (7:22)
08.30 Ellen (15:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (158:175)
10.15 Wipeout USA (2:18)
11.00 Smash (14:15)
11.45 Falcon Crest (11:29)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance (5:15)
14.25 So You Think You Can Dance (6:15)
16.00 ET Weekend
16.40 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (16:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm In the Middle (11:22)
19.40 Modern Family (11:24)
20.05 Jamie Oliver's Food Revolution (4:6)
20.50 Fairly Legal (6:13)
21.35 The Newsroom (1:10) Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.
22.50 Who Do You Think You Are? UK (2:6)
23.55 The Big Bang Theory (23:24)
00.15 Mike & Molly (8:23)
00.40 Anger Management (2:10)
01.05 NCIS (23:24)
01.50 Medium (2:13)
02.30 Miss March
03.55 Fairly Legal (6:13)
04.40 Jamie Oliver's Food Revolution (4:6)
05.25 Malcolm In the Middle (11:22)
05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid
17.50 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid
19.35 Þýski handboltinn: RN Löwen - Lemgo
21.00 Spænsku mörkin
21.30 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
22.00 Liverpool - Udinese
23.45 Evrópeueldarmörkin

SPORT 2 enski boltinn

07.00 Newcastle - Man. Utd.
13.05 WBA - QPR
14.50 West Ham - Arsenal
16.35 Sunnudagsmessan
17.50 Premier League Review Show 2012/13
18.45 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999
19.15 Liverpool - Stoke
21.00 Premier League Review Show 2012/13
22.00 Football League Show 2012/13
22.30 Being Liverpool
23.15 Southampton - Fulham

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.05 Stubbarinn
09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.50 Lukku láki
10.15 Stuðboltastelpurnar
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.00 Ofurhetjusérveitin
17.20 Sorry I've Got No Head
17.50 iCarly (13:45)

POP TIM

17.10 The Simpsons (23:25)
17.30 ET Weekend
18.15 Glee (16:22)
19.00 Friends
19.20 The Simpsons (17:22)
19.45 How I Met Your Mother (6:22)
20.05 Step It up and Dance (5:10)
20.50 Hart of Dixie (5:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstólku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
21.30 Privileged (8:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forriki fjölskyldu sem einkakennari tvíburastru sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
22.15 Step It up and Dance (5:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansarnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjórnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnir þáttanna.
23.00 Hart of Dixie (5:22)
23.40 Privileged (8:18)
00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (42:175)
19.00 Ellen (16:170)
19.40 Logi í beinni
20.25 Að hætti Sigga Hall (2:18)
20.50 Little Britain (8:8)
21.25 Pressa (2:6)
22.10 Ellen (16:170)
22.50 Logi í beinni
23.35 Að hætti Sigga Hall (2:18)
00.00 Little Britain (8:8)
00.30 Pressa (2:6)
01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.05 90210 (12:22) (e)
16.50 Minute To Win It (e)
17.35 Rachael Ray
18.20 Big Fat Gypsy Wedding (4:5) (e)
19.10 America's Funniest Home Videos (e)
19.35 Will & Grace (4:24)
20.00 One Tree Hill (13:13)
20.45 Rookie Blue (13:13)
21.30 Óupplýst (6:7)
22.00 CSI: New York (8:18)
22.50 Jimmy Kimmel
23.35 Law & Order: Special Victims Unit (8:24) (e)
00.20 The Bachelorette (7:12) (e)
01.50 CSI (17:22) (e)
02.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
07.35 Justin Timberlake Open 2012 (4:4) (e)
10.35 Ollie's Ryder Cup (1:1) (e)
11.00 Justin Timberlake Open (4:4) (e)
14.00 Alfred Dunhill Champio. (2:4) (e)
18.00 Golfing World
18.50 Justin Timberlake Open (4:4) (e)
22.00 Golfing World (e)
22.50 The Open Champio. Official Film 2009 (e)
23.45 ESPN America

N4

18.00 Að norðan

INN

16.00 Hrafnabing 16.30 Hrafnabing 17.00 Auðlindakista 17.30 Perur úr myndasafni 18.00 Hrafnabing 18.30 Hrafnabing 19.00 Motoring 19.30 Eldað með Holta 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 3 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistaranna 22.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 22.30 Golf fyrir alla 3

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 95,7 FM957 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 98,9 Bylgjan FM 100,5 Kaninn FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2 FM 93,5 Rás 1 FM 96,3 FM Suðurland FM 97,7 X-ið FM 99,4 Útlit Saga FM 102,2 Útlit Latibær FM 105,5 Útlit Boðun

Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

Afsláttarverð Kr. 579.875,-

Verð 749.875,- Þú sparar 170.000,-
Einnig til í stærðum 2x90, 2x100, 120 og 140 cm



Charlotte Julien

Októberhátíð

AÐEINS
49.900,-
afb. á mánuði í
12 mánuði

170.000
kr. afsláttur
2x80x200

12 mánaða
vaxtalaus lán
á stillanlegum
rúmum*

* 3,5% lántokugjald



Práðlaus fjarstýring

**Betra
BAK**

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Dorma 3ja ára

Veislan í fullum gangi
full búð af frábærum afmælistilboðum!

Nature's Comfort

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Gegnheilar viðarlappir
- Steyptar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn

★★★★★
Nature's Comfort
kr. 99.990,-
140x200 cm

★★★★★
Nature's Comfort
kr. 129.990,-
180x200 cm

AFMÆLIS
30.000,-
AFSLÁTTUR
140x200 cm
180x200 cm



Sabrina sófar

AFMÆLIS
50%
AFSLÁTTUR



★★★★★
SABRINA
kr. 31.225,-
Tveggja sæta

★★★★★
SABRINA
kr. 40.725,-
Þriggja sæta

3ja sæta br. 190 cm
2ja sæta br. 145 cm

Dorma handklæði

Mjúk og vönduð handklæði, átta litir.

Yndisleg 500 gsm þung og efnismikil handklæði. Ótrúlega mjúk og þerra einstaklega vel.

MAX 10
STYKKI Í STÆRÐ
SÚPER-TILBOÐ
Á HVERN
KUNNA



Baðhandklæði 70x140 cm kr. ~~1.699,-~~

Handklæði 50x100 cm kr. ~~899,-~~

Gestahandklæði 40x60 cm kr. ~~499,-~~

Þvottapoki 15x21 cm kr. ~~129,-~~

Baðmotta 85x50 cm kr. ~~1.499,-~~

Tilboð kr. 999,-

Tilboð kr. 499,-

Tilboð kr. 399,-

Tilboð kr. 99,-

Tilboð kr. 999,-

TVENNU
Sæng+koddi
TILBOÐ

Fyrir þá sem
vilja dúnmjúka
og hlýja alvöru
dúnsæng og
dúnkodda*!

Dúnsæng og
dúnkoddi
kr. 15.900,-
★★★★★

Tvennutilboð
KOMDU
NÚNA

Stök dúnsæng kr. 13.900
Stakur dúnkoddi kr. 4.900

*Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður. Koddi: 15% dúnn/85% smáfiður.

BÆTTUM
VIÐ
1.000 SETTUM
KOMDU
NÚNA!

2
FYRIR
1

★★★★★
Sængurverasett
kr. 4.390,-

Komdu
núna!

5 Hámarkskaup
sett á hvern viðskiptavin

OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16

DORMA 
– býður góða nótt

Pöntunarsími
 512 6800
www.dorma.is



„Það lag sem kemur mér í stuð undanfarið er Disparate Youth með Santigold.“

Lára Rúnarssdóttir tónlistarkona.

Áhugaljósmyndarinn væri betra heiti

„Ég held að það sé sterkari leikur að kalla þáttinn Áhugaljósmyndarinn eða Þáttur áhugaljósmyndara,“ segir Gunnar Leifur Jónsson, atvinnuljósmyndari og varaformaður Ljósmyndarafélags Íslands.

Hann á við heiti raunveruleikabáttarins Ljósmyndarinn sem hefur göngu sína á Skjá einum eftir áramót. Þar verður fólki með áhuga á ljósmyndun gefið tækifæri til að sýna hæfileika sína bak við linsuna, en opnað var fyrir umsóknir um mánaðamótin.

Hallgerður Hallgrímsdóttir, annar dómara þáttarins, lýsti þáttunum í viðtali við Fréttablaðið á dögnum sem risastórri ljósmynda-samkeppni. Þar hvatti hún alla til að sækja um sem myndavél geta valdið. Af því má draga að þátttakendur eru fæstir löggildir ljósmyndarar en ljósmyndun er lögvernduð iðngrein.

„Menn eru ógurlega heitir í sambandi við lögverndun innan stéttarinnar. Það að vera ljósmyndari er ekki bara að ýta á takka, en í huga almennings er þetta því miður oft lagt að jöfnu,“ segir Gunnar og bætir við að margir áhugaljósmyndarar selji vinnu sína sem atvinnuljósmyndarar.

„Ég held að það væri skynsamlegt að breyta um titil og það mun ekki rýra gildi þáttarins,“ segir Gunnar sem þykir þó hugmyndin að þættinum frábær í alla staði.

- hpt

LJÓSMYNDARI Gunnar Leifur, varaformaður Ljósmyndarafélags Íslands, segir skynsamlega að raunveruleikabátturinn Ljósmyndarinn beri heitið Áhugaljósmyndarinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



www.sena.is/elly

HEIÐURSGESTIR

Raggi Bjarna,
Jón Páll Bjarnason
og Guðmundur
Steingrímsson

Elly Vilhjálms

Minningartónleikar 13. október



FRÍTT NIÐURHAL

SÆKTU
NÝJU ÚTGÁFUNA
AF **VEGIR LIGGJA
TIL ALLRA ÁTTA**
ÓKEYPS Á TÓNLIST.IS

FORSALA

TÓNLEIKAGESTIR
GETA TRYGGT SÉR
ÆVISÖGU ELLYJAR
Í FORSÖLU Á
TÓNLEIKUNUM

TÓNLEIKAR ÁRSINS ERU HANDAN VIÐ HORNID

KOMDU MEÐ Í ÓGLEYMANLEGT FERÐALAG

TIL GULLALDARÁRANNA OG UPPLIFÐU ELLY Í MÁLI OG MYNDUM,
LJÓSLIFANDI MINNINGUM SAMFERÐARFÓLKINS
OG AUFVITAÐ TÓNLISTINNI SEM HÚN GAF OKKUR ÖLLUM.



ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW
RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS · BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON
GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON

UPPSELT Í A+ OG C SV.ÆÐI. ÖRFÁIR LAUSIR MIÐAR Í A OG B SV.ÆÐI.

Iceland Express

MIDASALA Á MIÐI.S. Í SÍMA 540-9800 OG
VERSLUNUM BRIM LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI

sena



UMSJÓNARMENN Peir Stefán Ingvar Vigfússon, Hávar Hermannsson og Guðbrandur Loki Rúnarsson eru hugmyndasmiðir Ungleiks og vonast til að verkefnið festi sig í sessi líkt og Músíktílaunir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STEFÁN INGVAR VIGFÚSSON: MIKIL VINNA AÐ BAKI

Seldist upp á fyrstu sýningu Ungleiks á þremur dögum

„Miðað við áhugann er þetta nokkuð sem vantaði,“ segir hinn nítján ára gamli Stefán Ingvar Vigfússon. Hann á heiðurinn að verkefninu Ungleik ásamt félögum sínum, þeim Guðbrandi Loka Rúnarssyni og Hávari Hermannssyni.

Ungleikur er nýstofnaður leikhópur ungs fólks þar sem leikskáldum og leikurum á aldrinum 16 til 25 ára gefst kostur á að koma list sinni á framfæri. Opnunarkvöldið er 6. nóvember næstkomandi í Borgarleikhúsinu og sýna þar 24 leikarar tólf stutt leikverk ungra leikskálda. Miðarnir á opnunarkvöldið seldust upp á þremur dögum og ríkir því mikill áhugi á verkefninu.

Stefán fékk hugmyndina að Ungleik þegar hann var í fríi í Austurríki, en sjálfur er hann leikskáld og leikari. Hann fékk þá Guðbrand Loka og Hávar til liðs við sig, en félagarnir hafa allir verið viðloðandi leiklist á ýmsum vígstöðvum. Þeir hafa mikinn metnað fyrir verk-

ÚTVALDIR Í DÓMNEFND

Hávar, Stefán og Guðbrandur Loki fengu vel valda einstaklinga úr leikhúslífinu til að aðstoða sig við að velja leikverk og leikara fyrir Ungleik. Dómnefnd leikskálda skipuðu þau Andri Snær Magnason, Rúnar Guðbrandsson og Lilja Sigurðardóttir. Dómnefnd leikara skipuðu Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson og Marteinn Þórsson.

efninu og vona að það nái að festa sig í sessi.

„Framtíðarplanið er að Ungleikur verði eins konar hliðstæða við Músíktílaunir þar sem ungt áhugaleiklistarfólk getur sýnt vinnu sína fyrir almenning,“ segir Stefán og bætir við að hingað til hafi fátt verið í boði fyrir unga leikara og sérstaklega leikskáld. „Fyrst og fremst eru leikhópar skólafélaganna og einstaka hlutverk í bíómyndum í boði fyrir leikara. Það er nánast ekkert fyrir ung leikskáld nema kannski að fá efni eftir sig birt í skólablöðunum.“

Leikhópurinn á í samstarfi við hátíðina Unglist og Borgarleik-

húsið, sem lánar hópnum minni sal leikhússins fyrir opnunarkvöldið. Fyrirhugað er að sýna verkin í framhaldinu í samstarfi við sjálfstæðu leikhúsin.

Fyrsta æfing Ungleiks er í dag en strákarnir hafa setið sveittir undanfarna daga við að koma öllu heim og saman. „Það hefur verið mikið þúsluspil að finna gott æfingaplan fyrir alla. Nú er leiðindavinnan búin og bara skemmtilegheit fram undan. Það er okkar von að þetta verkefni stuðli að meiri grósku í íslensku leikhúslífi og hvetji ungt fólk til að byrja að skrifa leikrit.“

alfrun@frettabladid.is

Lay Low flutt austur fyrir fjall

Tónlistarkonan Lay Low er nýkomin heim til Íslands eftir fimm vikna tónleikaferð um Evrópu. Bæði hitaði hún upp fyrir hljómsveitina Of Monsters and Men og spilaði á eigin tónleikum.

„Þetta var bara mjög skemmtilegt allan tímann,“ segir Lay Low um ferðalagið. Hún hafði áður ferðast með Of Monsters and Men um Bandaríkin í einn og hálfan mánuð í vor. „Þau fengu frábærar viðtökur og það var æðislegt fyrir mig að fá að fljóta með. Ég held að það hafi alltaf verið uppselt hjá þeim og það gekk voða vel.“

Áður en hún fór í Evróputúrinn tók tónlistarkonan upp tvö ný lög

sem hún gaf eingöngu út á vínly. Hún er byrjuð að semja nýtt efni og ætlar að gefa út EP-plötu eða stóra plötu snemma á næsta ári. Sú síðasta, Brostinn strengur, kom út í fyrra við mjög góðar undirtektir.

Lay Low er nýflutt úr Reykjavík, þar sem hún hefur verið undanfarn ár, í húsnæði rétt hjá Hveragerði í sveitarfélaginu Ölfusi. „Þetta er æðislega fínt. Hérna er pláss fyrir æfingaaðstöðu og stúdíó. Þetta er smá tilraun hjá mér,“ segir hún. „Ég ætla að reyna að plata vini og tónlistarkunningja til að koma í heimsókn og spila með mér.“



FLUTT AUSTUR FYRIR FJALL Tónlistarkonan Lay Low er flutt austur fyrir fjall eftir margra ára búsetu í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- fb

HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR • DÍSELLA • JÓHANN F. VALDIMARSSON • PÓRA EINARSDÓTTIR • GARÐAR THÓR CORTES
KLASSÍSKUR ARMUR STÓRHLJÓMSVEITAR FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE
STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÓPERUKÓRINN • STJÓRNANDI: ÁRNI HARDARSON • ÚTSETNINGAR: GÍSLI MAGNA

FROSTRÓSIR 2012 Klassík

Eldborgarsal Hörpu 21. desember kl. 20:00



MIDASALA HEFST 12. OKT.

Midasalan hefst kl. 12:00 á harpa.is, midi.is,
í síma 528 5050 og í miðasölu Hörpu.

*Upplifðu fegurstu perlur jólanna í flutningi okkar
fremstu einsöngvara, stórhljómsveitar og kóra í glæsilegri
umgjörð á einstökum hátíðartónleikum.*

Sérstakir hátíðartónleikar undir nafninu Frostrósir Klassík eru nú haldnir 3ja árið í röð samhlíða vinsælasta tónlistarviðburði á Íslandi, sjálfum jólatónleikum Frostrósa. Landsmenn hafa svo sannarlega fagnað þessari viðbót við Frostrósaverkefnið því hátt í 5000 gestir sóttu þessa frábæru tónleika í fyrra og urðu margir frá að hverfa.

FROSTROSES 

frostrsir.is/klassik

Hlökkum til að sjá þig á hátíðlegum nótum í desember.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hamhleypan Frímanna

Jakob Frímanna Magnússon hafði í nógu að snúast á laugardagskvöld. Hann tróð upp á afmælistónleikum Stuðmanna en þegar blásið var til leikhles hjá bandinu gat Jakob ekki kastað mæðinni, heldur þurfti hann að vinda sér yfir á lokahóf kvikmyndahátíðarinnar RIFF til að kynna verðlaunaafhendingu fyrir bestu norrænu kvikmyndatónlistina. Það gerði hann með hatt á höfði í karakter Frímanna Flygenring úr Með allt á hreinu, áður en hann hljóp aftur í hlýjan faðm tónleikagestanna.



Bragi fræddist

Það var hægt að nálgast annað og meira en bara skemmtun á RIFF. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, fór til dæmis á austurrísku heimildarmyndina Outing á miðvikudaginn var. Hún fjallar um glímu ungs manns við barnagírn. „Myndin er mjög upplýsandi og fróðleg í alla staði. Ég mæli með henni fyrir þá sem hafa áhuga á að skilja þetta vandamál. En hún er líka sorgleg og döpur og sýnir hlið mannlífsins sem við öll mundum líklega óska að væri ekki til,“ segir Bragi. „Hún veitir okkur innsýn inn í hvað þetta er mikil ógæfa og óhamingja og varpar ljósi á að það er hópur manna sem hefur þessar hvatir án þess þó að brjóta af sér. Það hljómar kaldranalegt en að sumu leyti hefur maður samúð með þessum einstaklingum.“



- sh

Mest lesið **vísir**

- 1 Ákærður fyrir morðið á April Jones
- 2 Vildi ekki fara á slysideild þrátt fyrir stungusár á fæti
- 3 Auglýsing fyrir prentara tekin upp á Siglufirði
- 4 Nýr formaður Samstöðu
- 5 „SÁÁ hefur snert hverja einustu fjölskyldu í landinu“

BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3. Opið kl.10-18. 30-70% afsláttur. 8.-13. október



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
Sími 588-9060

50% AFSLÁTTUR Í 10 DAGA

Á HVERJUM DEGI Í TÍU DAGA VELJUM VIÐ EINA TEGUND AF RÚMI OG SELJUM MEÐ 50% AFSLÆTTI



Í DAG ER ÞAÐ

BALFOUR PLUS

(Queen Size 153x203cm)

FULLT VERÐ 199.800 Kr.

NÚ 99.900 Kr.

MEÐ 50% AFSLÆTTI

BALFOUR PLUS
Queen size (153x203 cm)



TILBOÐIÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

rekkjan

H E I L S U R Ú M